



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

ALGILD HÖNNUN

Leiðir til innleiðingar í íslenskt samfélag

Greinargerð unnin fyrir Félagsmálaráðuneytið

Mars 2022

Sigrún Kristín Jónasdóttir

Lektor við Iðjupjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri

sigrunk@unak.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur	2
Algild hönnun	2
Notagildi	4
Notendur	4
Iðja	5
Umhverfi.....	5
Algeng viðmið og leiðbeiningar	6
Staða algildrar hönnunar á Íslandi.....	8
Aðgengismál	10
Jafnræði og inngilding	11
Gagnleg dæmi frá öðrum löndum	12
Innleiðing í Noregi	12
Stefnumótun og lagabreytingar	15
Fræðsla og vitundarvakning	16
Viðurkenningar og hvatning	17
Samvinna og samstarfsverkefni.....	18
Mikilvægar áherslur við innleiðingu algildrar hönnunar	19
Vitundarvakning	19
Þekkingaröflun.....	19
Notendasamráð og þverfagleg samvinna	20
Nýsköpun.....	21
Tillögur að næstu skrefum.....	22
Heimildaskrá.....	23

Inngangur

Hugtakið algild hönnun (universal design) hefur verið að ryðja sér til rúms í íslenskum stefnuskjólum undanfarin ár, s.s. með tilkomu Samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Í þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021 var markmið tengt algildri hönnun og manngerðu umhverfi. Þar sem markmiðinu var ekki náð hafði starfshópur sem fylgir eftir vinnu við aðgerðir fyrrnefndar framkvæmdaáætlunar samband við undirritaða og óskaði eftir greinargerð um algilda hönnun og tillögum að leiðum til innleiðingar á algildri hönnun í íslenskt samfélag. Þar sem umfjöllun um algilda hönnun í dag snýr ekki einungis að mannvirkjagerð, þá óskaði starfshópurinn einnig eftir því að hugað yrði sérstaklega að hugmyndafræði algildrar hönnunar út frá víðari skilningi heldur en gert hefur verið hingað til í íslenskum stefnuskjólum. Í þessari greinargerð er því leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvað er algild hönnun, til hvaða þátta tekur hún og afhverju er hún mikilvæg?
2. Hvaða þættir geta hindrað eða ýtt undir innleiðingu algildrar hönnunar?
3. Hvað er til nú þegar af opinberum gögnum og fræsluefni á Íslandi um algilda hönnun?
4. Hvað hefur verið gert í öðrum löndum til innleiðingar á algildri hönnun?
5. Hvernig mætti útfæra algilda hönnun í áframhaldandi stefnumótun á Íslandi?

Algild hönnun

Algild hönnun er pólitísk stefna og hugmyndafræði sem byggir á gildum um jafna stöðu og jöfn tækifæri fyrir alla og ýtir undir aðgengi, þátttöku og inngildingu (Lid, 2016; United Nations, 2007; Þingskjal nr. 960/2020–2021). Aðaláherslur hugmyndafræðinnar er að bæta umhverfið fyrir allt fólk (Center for Universal Design, n.d.; United Nations, 2007), þ.e. fjölbreytilega einstaklinga sem hafa mismunandi eiginleika, atgervi og hæfni (Iwarsson og Ståhl, 2003). Hugmyndafræðin ætti að vera grunnur að uppbyggingu hvers samfélags þar sem hún viðurkennir gildi alls fólks og réttindi þess til frelsis, sjálfstæðis og mannglegrar reisnar (Erdtman o.fl., 2021).

Upphaflega var hugtakið algild hönnun notað í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks í Bandaríkjunum og skilgreint af Ronald Mace sem var fatlaður fræðimaður úr fagi arkitektúr og vöruhönnunar. Hann skilgreindi algilda hönnun sem „hönnun á vörum og umhverfi sem væri nothæft fyrir allt fólk, að því marki sem unnt er, án þess að til komi aðlögun eða sérstök hönnun“ (Center for Universal Design, n.d.). Á þessum tíma var áherslan á efnislegt umhverfi, s.s. mannvirki og vörur, en hugtakið hefur tekið áhveðnum breytingum í tímans rás og er nú víðtækara. Sú skilgreining sem notuð er á Íslandi kemur úr SRFF og nær yfir mun viðameira svið heldur en efnislegt umhverfi. Þar er algild hönnun skilgreind sem „hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allt fólk getur nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun“ (Þingskjal nr. 960/2020–2021, 2. gr). Út frá þessari skilgreiningu er ljóst að algild hönnun teygir sig yfir í flest svið samfélagsins (þ.e. framleiðsluvara, umhverfi, áætlanir og þjónusta) sem öll eru viðamikil. Má þar nefna að samkvæmt Alþjóða heilbrigðisstofnuninni þá nær þjónusta t.d yfir ýmsar bætur, stuðning, starfsemi og verkefni til að mæta þörfum fólks á einhvern hátt og

getur ýmist verið á vegum hins opinbera, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga (World Health Organization, 2001). Þjónusta er því afar viðtækt hugtak og þarf að huga að algildri hönnun allstaðar í þjónustugeiranum. Að sama skapi þá má ætla að hugtakið áætlanir nái yfir stefnumótun og ætti það þá við um stefnumótun á þessum þjónustusviðum líka.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin fjallar um algilda hönnun sem ferli sem ætlað sé að koma til móts við mannlegan margbreytileika og ýta undir notagildi umhverfis, félagslega þátttöku fólks, öryggi og heilbrigði (World Health Organization, 2011). Ýmist fræðafólk hefur einnig ítrekað að um ferli sé að ræða en ekki útkomu (Center for Universal Design, 1997; Iwarson og Ståhl, 2003; Steinfeld og Maisel, 2012;) og því má segja að algild hönnun sé leiðarljós og ákveðin sýn um hvert við viljum stefna. Steinfeld og Maisel (2012) benda á að um sé að ræða valdeflandi og styðjandi ferli sem ýti undir heilsu, vellíðan og þátttöku fjölbreytts hóps fólks í samfélaginu.

Ofangreindar skilgreiningar á hugtakinu eiga sameiginlegt að leggja áherslu á notagildi umhverfisins til að mæta þörfum sem flestra. Hér er því ekki átt við sérstaka hönnun fyrir fatlað fólk heldur hönnun sem gerir ráð fyrir öllum. Það er þó nauðsynlegt að hafa í huga að fatlað fólk upplifir mismunun og mætir margvíslegum hindrunum í umhverfinu sem hafa áhrif á tækifæri þeirra til að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra (World Health Organization, 2011; Jónasdóttir, Egilson og Polgar, 2018; Bonehill, o.fl., 2020; Lid og Solvang, 2016; Unsworth, o.fl., 2019; Winance, 2014; Egilson o.fl., 2021) og mikilvægt er að ögra og breyta þessum hindrandi aðstæðum sem eru uppspretta fötlunar í samfélaginu (Imrie, 2012). Algild hönnun er því sérlega mikilvæg til þess að styðja við mannréttindi jaðarsettra hópa, svo sem fatlaðs fólks.

Með undirritun og fullgildingu SRFF viðurkenna íslensk stjórnvöld mikilvægi þess að koma í veg fyrir mismunun og veita öllum tækifæri til þess að taka virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar með auknu aðgengi að heilbrigði og menntun, upplýsingum, samskiptum og efnislegu, félagslegu, menningarlegu og efnahagslegu umhverfi í mjög víðu samhengi (United Nations, 2007; Þingskjal nr. 960/2020–2021). Málefni algildrar hönnunar er flókið þar sem það felur í sér þætti er tengjast einstaklingum og umhverfinu og því flókna samspili sem þar verður á milli (Lid, 2014). Því er nauðsynlegt að nota það tengslasjónarhorn sem einkennir SRFF og viðfangsefni fötlunarfræða (Gustavsson o.fl., 2005; Tøssebro, 2004). Þar er gert ráð fyrir að fötlun verði til „milli fólks með skerðingar annars vegar og umhverfis og viðhorfa hins vegar sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra” (Þingskjal nr. 960/2020–2021, formálsorð, e-liður).

Algild hönnun er einnig nátengd félagslegri sjálfbærni eins og sjá má í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmiðin undirstrika m.a. aukinn jöfnuð, bann við mismunun, tækifæri til menntunar og atvinnu fyrir alla, sem og að hið manngerða umhverfi sé auðnotað, öruggt og fyrir allt fólk (Heimsmarkmiðin, e.d.; United Nations, 2015). Fletcher (2011) vekur athygli á að heilbrigði og velferð séu mikilvægir eiginleikar í sjálfbærri hönnun og að Alþjóða heilbrigðisstofnunin (World Health Organization, 2001) vilji að gengið sé lengra heldur en að fjarlægja einungis hindranir, ýta þarf undir að umhverfið sé

styðjandi. Fræðafólk hefur einnig fjallað um mikilvægi algildrar hönnunar fyrir sjálfbærni s.s. að húsnæði henti fjölbreytileikanum, það sé val um samgöngur, tækifæri til öruggar afþreyingar og að fólk komist almennt um í nágrenni sínu (Young, 2011; Steinfeld og Maisel, 2012). Vavik og Keitch (2010) segja algilda hönnun og félagslega sjálfbærni eiga það sameiginlegt að leggja áherslu á fjölbreytileika, aðgengi og þátttöku í samfélaginu fyrir uppbyggingu og þróun mannlegs samfélags.

Bent hefur verið á að það markmið að hanna umhverfi þannig að það nýtist öllum sé ákveðin draumsýn. Lid og Solvang (2016) áréttar að hinn fullkomni heimur sem styður við alla sé ekki til vegna árekstra og gagnstæðra þarfa. Í þessu samhengi má því segja að heillavænlegast sé að huga að því hver ásetningurinn með algildri hönnun sé og að við sem samfélag stefnum saman í þá átt, þó svo að öllum líkindum náum við aldrei markmiðinu fullkomlega (Heylighen, 2014). Fyrir utan gagnsemi algildrar hönnunar fyrir samfélagið í heild, þá hefur verið bent á að hagkvæmara sé að hanna t.d. húsnæði sem nýtist sem flestum í upphafi heldur en að þurfa fara út í breytingar síðar meir (Malik og Mikilajczak, 2019) og að vörur og húsnæði sem henta öllum séu söluvænlegri heldur en aðrar vörur (Krauss, 2011).

Önnur hugtök hafa verið notuð yfir hugmyndafræði sem er svipuð eða sambærileg og algild hönnun s.s. hönnun fyrir alla (e. design for all og inclusive design), aðgengileg hönnun, (accessible design) aðgengi fyrir alla (accessibility for all) og hindranalaus hönnun (barrier-free design) (Iwarsson og Ståhl, 2003; Ostroff, 2011; Person o.fl. 2015; Steinfeld og Maisel, 2012). Öll hugtökin deila því markmiði að veita tækifæri og ávinning fyrir alla þrátt fyrir þær persónulegu áskoranir sem fólk kann að eiga við (Person o.fl., 2014; Steinfeld og Maisel, 2012). Meira máli skiptir að huga að tilgangi og ferli umbóta heldur en því hvaða hugtak er notað hverju sinni (Larkin o.fl.; 2015), en eins og komið hefur fram er hugtakið algild hönnun notað í íslenskri stefnumótun í samræmi við SRFF (Þingskjal nr. 960/2020–2021).

Notagildi

Lykilhugtak algildrar hönnunar er notagildi, þ.e. að fólk geti nýtt sér vörur, umhverfi, þjónustu og áætlanir (United Nations, 2007; Iwarsson og Ståhl, 2003; Larkin o.fl. 2015; Lid, 2014, Person o.fl., 2015) á hagkvæman, skilvirkan og fullnægjandi hátt (International Organization for Standardization, 2018). Notagildi snýr að upplifun notenda á hversu vel „hönnunin“ stuðlar að virkni, framkvæmd og vellíðan og má hugsa um það sem sambland ef þremur mikilvægum þáttum, þ.e. þáttum er lúta að umhverfi (s.s. efnislegu og félagslegu), athöfnum (eða iðju) og fólki (þ.e. notendum) (Iwarson og Ståhl, 2003). Fjallað verður sérstaklega um hvern af þessum þremur þáttum hér að neðan.

Notendur

Huglæg upplifun notenda er afar mikilvæg þegar meta á notagildi þjónustu, vara eða annars (Iwarsson og Ståhl, 2003; Lid, 2015) og því er nauðsynlegt í algildri hönnun að hafa samráð við notendur til að sjá hvernig þeim gengur að athafna sig í því umhverfi sem um ræðir (Jones, 2014; O Shea o.fl, 2016). Þar sem algild hönnun á að gagnast öllum, eða í hið minnsta sem flestum, þarf að hafa margskonar hópa í huga við alla hönnun og þróun (Story, 2011;

Lid, 2014). Sem dæmi má nefna börn, aldraða, fólk af ýmsum stærðum og gerðum, fólk af ólíkum uppruna, fólk með engar, tímabundnar eða langvarandi skerðingar s.s. hreyfihamlanir, heyrnar-, sjón-, skyn- eða vitrænar skerðingar, andlegar áskoranir og fleira.

Ef mismunandi umhverfispættir eru hannaðir þannig að þeir nýtist sem flestum, þá er minni þörf á að gera sér aðlaganir fyrir fatlað fólk. Algild hönnun útilokar þó ekki sérúrræði eða hjálpartæki þar sem þörf er á (United Nations, 2007) og áherslan á að vera á að fagna fjölbreytileikanum, en ekki að útrýma fötlun. Því er mikilvægt að tengja umræðuna um algilda hönnun við réttindabaráttu fatlaðs fólks (Hamrai, 2016). Oft mætti skoða hvort hægt sé að útfæra almenna þjónustu þannig að hún henti fleirum svo ekki þurfi sérúrræði. Til dæmis má velta fyrir sér hvort ekki megi útfæra leigubílaþjónustu á Íslandi á þann hátt að hún gagnist öllum og með því minnka þörf á á sérstakri akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Iðja

Iðja er allt það sem fólk tekur sér fyrir hendur og er ein af grunnþörfum þess sem hefur áhrif á heilbrigði og líðan (Townsend og Polatajko, 2007; Wilcock og Hocking, 2015). Iwarsson og Ståhl (2003) bentu á fyrir margt löngu að iðja fólks sé mikilvægur þáttur í notagildi í anda algildrar hönnunar. Í nýlegri heimildasamantekt Watchhorn og félaga (2021) er einnig lögð áhersla á að þörf sé á að tengja betur algilda hönnun við iðju fólks eða þýðingarmiklar athafnir sem fólk þarf eða vill gera í ákveðnu umhverfi. Samantektin fjallar sérstaklega um málefnið út frá manngerðu umhverfi og er þar áréttað að ekki sé nægjanlegt að hafa aðgengi að byggingum heldur huga að hvað fólk vilji og ætli að gera þar. Skortur er á slíkri tengingu í íslenskum stefnuskjölum t.d. er meiri áhersla á hvort rými bygginga séu nægjanlega stór heldur en hvort búnaður þeirra gagnist fólki með hreyfihamlanir (Jónasdóttir, Egilson og Polgar, 2020). Samfélagsleg þátttaka í gegnum iðju er því veigamikill þáttur í algildri hönnun og þarf að vera í brennidepli algildrar hönnunar í samfélaginu, þar á meðal í stefnumótandi skjölum.

Umhverfi

Fjölmargir umhverfispættir hafa áhrif á iðju og athafnir fólks, s.s. tengt efnislegu, félagslegu, menningarlegu og stjórnsýslulegu umhverfi (Townsend og Polatajko, 2007) og hafa því áhrif á notagildi rýmis, þjónustu o.s.frv. Aðgengi að efnislegu umhverfi s.s. tengt mannvirkjum og skipulagi innan- og utanhúss hefur fengið mesta athygli í skrifum og umræðu um algilda hönnun, enda hefur það mikil áhrif á hvort fólk getur athafnað sig og farið um. Útfærslur eru þá gjarnan lágmarksviðmið til að tryggja aðgengi s.s. varðandi breidd dyra, halla á römpum og stærð rýmis. Dæmi um slíkt eru gátlistar sem gefnir eru út af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (2020) sem notaðir eru við úttekt á nýbyggingum eða endurbótum á húsnæði. Slíkir gátlistar gefa ákveðna forskrift að því hvernig útkoma hönnunarinnar skal vera, en bent hefur verið á að ekki sé nægjanlegt að huga að útkomu, heldur þurfi að gefa meiri gaum að framkvæmdarferli hönnunarinnar (Salmen, 2011; Grangaard, 2021; Larkin o.fl., 2015).

Oft er sett samasem merki milli aðgengis og algildrar hönnunar (Ostroff; 2011). Aðgengi er nauðsynlegur þáttur algildrar hönnunar og í raun forsenda notagildis (Iwarsson og Stáhl, 2003). Hugmyndafræði og ferli algildrar hönnunar er þó mun víðtækara heldur en að ná eingöngu til efnislegs aðgengis, eins og sjá má í SRFF. Í 9. grein er fjallað sérstaklega um að gera skal ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki aðgengi, til jafns við aðra, að efnislegu umhverfi sínu, samgöngum, upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. samskiptatækni og -kerfi og að annarri aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Ráðstafanir þessar, sem skulu fela í sér að bera kennsl á og útrýma hindrunum og tálmunum aðgengis, skulu meðal annars ná til: a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þar á meðal skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisstofnanna og vinnustaða, b) upplýsinga og samskipta auk annarrar þjónustu, þar á meðal rafrænnar þjónustu og neyðarþjónustu (Þingskjal nr. 960/2020–2021, 9.gr.). Ennfremur fjallar samningurinn um „mikilvægi aðgengis fatlaðs fólks að efnislegu, félagslegu, efnahagslegu og menningarlegu umhverfi sínu, að heilbrigði og menntun og að upplýsingum og samskiptamiðlum“ (Þingskjal nr. 960/2020–2021, formálsorð, liður v).

Þótt efnislegt umhverfi sé afar mikilvægt þá er einnig nauðsynlegt að gefa gaum að áhrifum félagslegra og samfélagslegra þátta á tækifæri fólks til samfélagsþátttöku. Þar er áberandi í umræðunni hugtakið ableismi, eða misrétti og kerfisbundnir fordómar gagnvart fötluðu fólki (Campbell, 2009) sem birtist oft í samskiptum við annað fólk og kerfið þar sem hönnun og skipulag miðast við þarfir og getu ófatlaðs fólks (Egilson, o.fl., 2021; Jóhannsdóttir o.fl., 2022). Ennfremur hafa fordómar og óræðni verið í umræðunni, þar sem ýmis hversdagsleg atvik sem fólk í jaðarsettri stöðu lendir ítrekað í veldur þeim hindrunum. Atvikin virðast oft vera smávægileg t.d. tengt raddblæ eða orðnotkun, hunsun eða meðaumkun (Brynja Elísabeth Halldórsdóttir, 2016; Keller og Galgay, 2010; Embla Ágústsdóttir o.fl., 2020).

Brýnt er að hafa í huga að mismunandi umhverfis víddir spila gjarnan saman í því að móta aðgengi. Lid (2012) talar m.a. um þótt efnislegar hindranir séu fjarlægðar, þá geti neikvæð viðhorf, vanþekking og fordómar tengdir fötlun skapað hindranir. Sem dæmi um slíkt má nefna að ekki er nægjanlegt að strætisvagnar séu aðgengilegir ef viðhorf bílstjórans eða þekking hans á búnaði vagnsins styður ekki við að einstaklingur í hjólastól geti komist inn og út úr vagninum (Stjernborg, 2019). Moore o.fl. (2020) gefa einnig dæmi um að þótt efnislegt umhverfi sé mikilvægur þáttur í hönnun á leikvöllum fyrir börn, þá hafa ýmsir félagslegir þættir þar, s.s. þekking, viðhorf og þjálfun áhrif á það hvort fötluð börn geti tekið þátt í leiknum sem þar á sér stað.

Algeng viðmið og leiðbeiningar

Auk lágmarksviðmiða fyrir mannvirki sem gjarnan eru notuð sem leið til að styðja við að hið efnislega umhverfi sé aðgengilegt fyrir alla, þá hafa í gegnum tíðina verið sett fram viðmið eða leiðbeiningar í tengslum við algilda hönnun. Þau fyrstu, og sem oftast er vitnað til, voru sett fram af Center of Universal Design árið 1997 og hugsuð sem leiðbeinandi fyrir notagildi efnislegs umhverfis og vara. Ennfremur eru þau fræðandi fyrir hönnuði og aðra sem ekki

þekkja til hugmyndafræðinnar enda gefa þau hugmynd um hvað algild hönnun þýðir (Steinfeld og Maisel, 2012). Viðmiðin sjö eru eftirfarandi:

- 1) Jafnræði og sanngirni: Að hönnun sé gagnleg og henti öllum
- 2) Sveigjanleiki í notkun: Að komið sé til móts við mannlegan margbreytileika
- 3) Einfaldleiki og gagnsæi: Auðskilið óháð fyrri reynslu, þekkingu, tungumálakunnáttu eða einbeitingarhæfni
- 4) Skiljanleiki upplýsinga: Nauðsynlegar upplýsingar eru tiltækar fyrir notendur óháð umhverfisaðstæðum eða skynjunargetu notandans
- 5) Svigrúm fyrir mistök: Hönnunin lágmarkar hættur og skaðlegar afleiðingar af slysum eða óhöppum við notkun
- 6) Takmörkuð áreynsla og fyrirhöfn: Að hægt sé að nýta hönnunina á áhrifaríkan og þægilegan hátt.
- 7) Viðeigandi stærð og rými: Að hönnun sé aðengileg, óháð líkamsstærð fólks, líkamsstöðu eða hreyfigetu (Center for Universal Design, 1997)

Einnig má nefna viðmið Steinfeld og Maisel (2012) um tilgang algildrar hönnunar. Þau snúa að því að 1) koma til móts við fjölbreyttar líkamsstærðir og hæfni; 2) halda kröfum innan hæfilegra marka fyrir líkamsstarfsemi; 3) tryggja að mikilvægar upplýsingar um notkun séu auðskiljanlegar; 4) gera aðferðir til notkunar leiðandi, skýrar og ótvíræðar; 5) stuðla að heilsueflingu, forðast sjúkdóma og koma í veg fyrir meiðsli; 6) ýta undir félagslega aðild með því að koma fram við alla af virðingu; 6) veita einstaklingum tækifæri til að velja og tjá óskir sínar; og 7) að virða og styrkja menningarlegt gildi og félagslegt og umhverfislegt samhengi hvers hönnunarverkefnis (Steinfeld og Maisel, 2012, bls. 90).

Til að styðja við nám fyrir alla setti rannsóknar- og þróunar samtökin CAST (2018) í Bandaríkjunum fram leiðbeiningar um algilda hönnun í námi. Þar er lögð áhersla á að veita margsvíslegar leiðir til náms, til að auka skilning, og til athafna og tjáningar. Fyrsta viðmiðið snýr að hvernig vakinn sé áhugi nemenda, þeim haldið við efnið og hvernig nemendur stýri námi sjálfir. Annað viðmiðið tengist framsetningu og leiðbeinir um mikilvægi þess að veita sveigjanleika gagnvart mismunandi skynjun og skilningin, máli, tákni og stöfum. Þriðja viðmiðið snýr að athöfnum og tjáningu og leggur áherslu á sveigjanleika gagnvart líkamlegri virkni, tjáningu, samskiptum og framkvæmdaleiðum.

Brýnt er að hafa í huga að öll þessi viðmið miðast að afmörkuðu sviði s.s. tengd efnislegu umhverfi eða námi og því ekki hægt að yfirfæra þau á allt er viðkemur algildri hönnun. Einnig er mikilvægt að árétta að viðmiðin snúa að útkomu hönnunar, en leiðbeina ekki sérstaklega um ferli hennar. Þau eru því takmörkunum háð, geta verið gagnleg verkfæri til að bæta aðgengi en þörf er á að skoða betur hvernig hægt sé að standa að framkvæmd algildrar hönnunar.

Staða algildrar hönnunar á Íslandi

Takmarkað er til af opinberum gögnum og fræsluefni á Íslandi um algilda hönnun og áherslan mest megnis verið á efnislegu umhverfi til þessa. Sá skilningur hefur verið ríkjandi á Íslandi að algild hönnun snúist um aðgengi að hinu efnislega umhverfi t.d. mannvirkjum. Þetta sést glöggst í þeim verkefnum sem farið hefur verið í hingað til s.s. í leiðbeiningum frá mannvirkjastofnun (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, e.d.), markmiðum í síðustu framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks (Þingsályktun nr. 16/146) og í ræðum ráðherra á málþingum um algilda hönnun (Stjórnarráð Íslands, 2017). Það er mjög jákvætt að hugað sé að algildri hönnun í efnislega umhverfinu s.s. byggingum og umhverfi þeirra, en eins og fram hefur komið þá er það nauðsynlegur hluti algildrar hönnunar en ekki nægjanlegur einn og sér.

Hugtakið algilda hönnun má finna í ýmsum íslenskum stefnuskjölum s.s. í íslenskri þýðingu SRFF (Þingskjal nr. 960/2020–2021). Sú skilgreining sem er í samningnum hefur svo verið yfirfærð yfir í Lög um mannvirki (nr. 160/2010), Skipulagslög (nr. 123/2010) og Byggingarreglugerð (nr. 112/2012), þó svo orðalagið víki aðeins frá því fyrrnefnda þar sem það byggir á fyrri þýðingu samningsins sem hefur nú verið breytt.

Í lögum um mannvirki (nr. 160/2010) er eingöngu sett fram skilgreining á hugtakinu og tekið fram að sjónarmið algildrar hönnunar eigi að vera leiðarljós þegar byggingar og umhverfi þeirra eru hannaðar. Byggingarreglugerðin (nr. 112/2012) setur svo fram nánari útlistingar í tengslum við útfærslu algildrar hönnunar. Má þar nefna kröfu um að tilgreina þurfi atriði er tengjast aðgengi og algildri hönnun í bygginarlýsingum og áhersla á að byggingar og umhverfi þeirra skuli vera aðgengilegar og henta öllum án sérstakrar aðstoðar. Ennfremur kemur fram í reglugerðinni að hámarka eigi notagildi, hagkvæmni og þægindi notenda. Reglugerðin tiltekur hvers konar byggingar og útisvæði skuli hanna á grundvelli algildrar hönnunar s.s. byggingar ætlaðar almenningi, öldruðu fólki, íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk og stúdenta, skólabyggingar, byggingar fyrir atvinnustarfsemi, byggingar þar sem er krafa um lyftur til fólksflutninga, íbúðarhúsnæði sem hefur öll meginrými á inngangshæð og öll rými ætluð vistmönnum á dvalarheimilum, sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum. Í reglugerðinni eru svo einnig sett fram lágmarksviðmið sem framfylgja þarf við hönnun tiltekinna rýma og svæða, þar sem megináherslan er á aðgengi fyrir hjólastólanotendur, og hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (e.d.) gefið út nánari leiðbeiningar við byggingarreglugerðina þ.e. 1) Kröfur um algilda hönnun; 2) Algild hönnun aðkomu að byggingum; og 3) Algild hönnun snyrtinga og baðherbergja

Algennt orðalag í byggingarreglugerðinni (nr. 112/2012) er að *hannað skuli á grundvelli algildrar hönnunar* eða *kröfur um algilda hönnun uppfylltar* en óljóst er hver sá grundvöllur eða kröfur eru, aðrar en lágmarksviðmið í tengslum við aðgengi. Leiðbeiningarnar frá Mannvirkjastofnun taka þetta aðeins lengra en byggingarreglugerðin, þar sem þær leggja áherslu á að um sé að ræða hugmyndafræði, en ekki lágmarkskröfur um aðgengi og að þessa hugmyndafræði þurfi „hönnuðir að tileinka sér og nýta í vinnulagi og faglegum hugsunarhætti” (Mannvirkjastofnun, 2018, liður 3). Mikilvægt er þó að hafa í huga að til þess að hönnuðir geti gert það, þá þarf að vera skýrt hver hugmyndafræðin er og hvernig hægt er

að nýta hana í hönnunarstörfum. Ennfremur mætti skoða hvort hægt sé að útfæra hönnun mannvirkja þannig að skila þurfi einhverskonar hönnunaryfirliti um hvernig ferlið fór fram með aðkomu notenda (Manley, 2011)

Kominn er tími á endurskoðun á orðalagi og framsetningu til að samræma betur reglugerðina við hugmyndafræði algildrar hönnunar eins og hún er sett fram í dag. Orðalag sem vekur sérstaka athygli er t.d. „með algildri hönnun skal tryggt að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun bygginga á grundvelli fötlunar“ og að taka skal „tillit til“ ákveðinna hópa s.s. hjólastólanotenda, blindra og sjónskertra, heyrnarskertra o.s.frv. Hér þyrfti að skerpa orðalag til að endurspegla þá hugmynd að gera skuli ráð fyrir öllu fólki, en ekki bara taka tillit til ákveðinna jaðarsettra hópa í samfélaginu.

Ennfremur má setja spurningamerki við það að samkvæmt gr. 6.1.3. sé hægt að víkja frá kröfu um algilda hönnun „þar sem landslag er þannig að það hentar ekki fötluðum til umferðar eða starfsemi innan byggingar er þess eðlis að hún hentar augljóslega ekki fötluðum“ (Byggingarreglugerð nr. 112/2012). Slíkt orðalag er dæmi um hvernig fötlun er viðhaldið og endurspeglar hvernig viðhorf geta verið fatlandi. Með þessu orðalagi er allt fatlað fólk sett undir einn hatt og auðséð er að algild hönnun er að mestu leiti hugsuð út frá efnislegu aðgengi fyrir fólk með hreyfihamlanir. Þó það sé mögulega óraunhæft að allir staðir séu fullkomlega nothæfir fyrir allt fólk er samt sem áður nauðsynlegt við hönnun staða að huga að inngildingu fyrir alla. Þótt bygging sé þannig staðsett að aðgengi fyrir hjólastólanotendur sé illmögulegt er samt nauðsynlegt að hanna bygginguna í anda algildrar hönnunar til að sem flestir geti nýtt sér hana.

Engar upplýsingar fundust um markvissa eða reglulega fræðslu um algilda hönnun á Íslandi að öðru leiti en að komið er inn á málefnið með mismiklu móti innan námskeiða í háskólum landsins. Sem dæmi má nefna þá er sérstakt námskeið sem heitir *Algild hönnun* innan menntavísindasviðs Háskóla Íslands í deild menntunar og margbreytileika (Háskóli Íslands, 2022). Einnig er komið inn á hugmyndafræði algildrar hönnunar innan námskeiða, t.d. er fjallað um aðgengi fyrir alla og algilda hönnun í námskeiði í skruðgarðabyggingarfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands (2021) og í námskeiðinu *Velferð, viðhorf og umhverfi* innan iðjuþjálfunarfræðideildar Háskólans á Akureyri (2020). Því ber einnig að fagna að hugtakið hefur verið innleitt í stefnu Háskóla Íslands og áhersla er í þeirri stefnu á jafnrétti og jafnt aðgengi fyrir alla (Háskóli Íslands, 2021).

Málþing um málefnið hafa verið haldin undanfarin ár s.s. á vegum Öryrkjabandalags Íslands, Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum og Félags um fötlunarrannsóknir árið 2013 (Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, 2013); Reykjavíkurborgar og Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum árið 2017 (Reykjavík, e.d.a) og Öryrkjabandalagsins, Blindrafélagsins, Verkís hf. og Átak – félags fólks með þroskahömlun árið 2017 (Öryrkjabandalag Íslands, 2017). Auk þess hafa fyrirlestrar um algilda hönnun verið fluttir á ýmsum þverfaglegum ráðstefnum s.s. á ráðstefnuninni Nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu (Snæfríður Þóra Egilson, 2014), á Sjónaukanum, árlegri ráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri (Snæfríður Þóra Egilson og Sigrún Kristín Jónasdóttir, 2021a) og á

Þjóðarspeglinum, árlegri ráðstefnu á sviði félagsvísinda við Háskóla Íslands (Snæfríður Þóra Egilson og Sigrún Kristín Jónasdóttir, 2021b). Einnig hefur höfundur þessarar greinargerðar nýlega gefið út ritrýnda fræðigrein á íslensku um algilda hönnun ásamt Dr. Snæfríði Þóru Egilson (Snæfríður Þóra Egilson og Sigrún Kristín Jónasdóttir, 2021c).

Aðgengismál

Auk laga um mannvirki (nr. 160/2010), byggingarreglugerðar (nr. 112/2012) og leiðbeininga sem henni fylgja (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, e.d.) er nokkuð til af upplýsingum, leiðbeiningum og könnunum er snúa að aðgengi að efnislegu umhverfi. Sem dæmi má nefna leiðbeiningar unnar fyrir Vegagerðina og Reykjavíkurborg (Verkís, 2019) og leiðbeiningar frá Öryrkjabandalagi Íslands varðandi aðgengi að viðburðum (Öryrkjabandalag Íslands, e.d.a). Einnig hefur Sjálfsbjörg, Landssamband hreyfihamlaðra, tekið saman upplýsingar á heimasíðu sinni er tengjast aðgengismálum s.s. varðandi gönguleiðir og útivistarsvæði, veitingahús og fleira (Sjálfsbjörg, e.d.). Rannsóknarverkefni var unnin fyrir Vegagerðina um aðgengi fatlaðs fólks að almenningssamgöngum (Birna Hreiðarsdóttir og Harpa Cilia Ingólfssdóttir, 2016) og Strætó bs og Öryrkjabandalag Íslands (2019) stóðu að samvinnuverkefni þar sem notendur könnuðu aðgengi strætisvagna og biðstöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Ennfremur hafa ýmis verkefni og/eða hópar litið dagsins ljós sem stuðla að bættu aðgengi í samfélaginu. Má þar nefna Málefnaþóp Öryrkjabandalags Íslands um aðgengi (Öryrkjabandalag Íslands, e.d.b.), og ýmsar nefndir á vegum sveitarfélaga t.d. Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks (Reykjavík, e.d.b) og Samráðshóp um málefni fatlaðs fólks hjá Akureyrarbæ (e.d.). Nýsköpunarverkefnum sem ætlað er að bæta aðgengi ber einnig að fagna og má þar nefna hið fría app *Travable* sem veitir upplýsingar um aðgengilega staði (Travable.is, e.d.) og það eftirtektarverða verkefni *Römpum upp Reykjavík* (e.d.) sem Haraldur Ingi Þorleifsson stóð að með stuðningi ýmissa stofnanna, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga. Auk þess að skila betra hjólastólaaðgengi í Reykjavík þá hefur þetta verkefni verið frábær vitundarvakning, sem og gott dæmi um gagnlega samvinnu milli mismunandi stiga samfélagsins, þ.e. milli notenda, fyrirtækja og stjórnsýslu og stefnir í enn stærra verkefni sem kallast *Römpum upp Ísland* (Haraldur Thorleifsson, 2021).

Líkt og segir að framan tengist efnislegt aðgengi öðrum sviðum en manngerðu umhverfi s.s. vefaðgengi. Árið 2012 samþykkti Ríkisstjórn Íslands aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi, þar sem tryggja á meðal annars aðgengi fyrir blinda og sjónskerta (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Ennfremur sneri eitt af markmiðum síðustu framkvæmdaáætlunar að því að fatlað fólk hafi aðgang að upplýsingum um réttindi og þjónustu (Þingsályktun nr. 16/146). Fyrirtækið Sjá hefur um árábil gert ýmsar notendarannsóknir og unnið með fjölda fyrirtækja og stofnana við þarfagreiningu og veflausnir. Sjá býður upp á aðgengisúttekt á vefaðgengi og vottun á vefjum sem standast aðgengiskröfur í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands (Sjá, e.d.).

Jafnræði og inngilding

Margt sem gert hefur verið í tengslum við innleiðingu á ákvæðum SRFF tengt jafnræði og inngildingu er nátengt hugmyndafræði algildrar hönnunar. Þegar skoðaðar eru hinar ýmsu stefnur og opinber gögn er ljóst að stefnan á Íslandi er að skapa jafnara samfélag fyrir alla, þó svo hugtakið algild hönnun sé ekki alltaf notað. Því er mikilvægt að árétta nokkur skref sem stigin hafa verið í íslensku umhverfi til að ýta undir inngildingu og jafnræði. Þessi skref eru afar mikilvægir þættir í algildri hönnun og undirstrika hversu víðtæk hugmyndafræðin er. Hér fyrir neðan verða nokkur dæmi nefnd en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Nýlegar íslenskar stefnur leggja áherslu á inngildingu og jöfn tækifæri fyrir alla. Má þar nefna menntastefnu fyrir árin 2020-2030 (Þingskjal nr. 310/2020-2021) og aðalnámskrá grunnskólanna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Stefna hins opinbera í tengslum við stafræna þjónustu leggur einnig áherslu á að slík þjónusta sé aðgengileg öllu samfélaginu og mæti þörfum mismunandi hópa (Island.is, 2021). Sama má segja um Samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 en þar er almenn áhersla á að aðgengi fatlaðs fólks að bæði mannvirkjum og samgöngum verði eins og best verður á kosið (Þingskjal nr. 1944/2019-2020).

Vitundarvakning í samfélaginu um stöðu jaðarsettra hópa t.d. fatlaðs fólks er nauðsynleg í innleiðingu algildrar hönnunar. Því ber að fagna verkefnum í samfélaginu til vitundavakningar um líf og aðstæður fatlaðs fólks. Má þar nefna sem dæmi sjónvarpsþættina *Með okkar augum* (Landssamtökin Þroskahjálp, 2016) og *Dagur í lífi* (Rúv, e.d.) sem sýndir hafa verið á RÚV, og *Sendiherraverkefnið* sem hafði það að markmiði að kynna réttindi fatlaðs fólks (Öryrkjabandalag Íslands, 2014).

Fræðilegar rannsóknir sem beinast að stöðu fatlaðs fólks í íslensku samfélagi er mikilvægur hlekkur við innleiðingu algildrar hönnunar. Unnið er að margvíslegum rannsóknarverkefnum innan fötlunarfræða við Háskóla Íslands (e.d.). Sem dæmi má nefna rannsóknarverkefni um lífsgæði og þátttöku fatlaðra barna og unglinga (Egilson o.fl., 2021; Embla Ágústsdóttir o.fl., 2020; Jóhannsdóttir o.fl., 2022; Ólafsdóttir o.fl., 2019), um aðstæður innflytjendafjölskyldna með fötluð börn (Egilson o.fl., 2020) og um aðstæður fatlaðra foreldra (Sara Stefánsdóttir o.fl., 2022; Rice o.fl. 2020). Ennfremur eru rannsóknir sem tengjast innleiðingu SRFF og þátttöku fatlaðs fólks í stefnumótun (Brennan o.fl., 2018; Löve o.fl., 2018;2019). Auk þess hafa aðstæður fatlaðs fólks á Íslandi verið skoðuð á öðrum fræðasviðum. Sem dæmi má nefna rannsókn innan iðjuvísinda þar sem skoðuð eru áhrif þjónustu, stjórnsýslukerfa og stefnumótunar á möguleika fólks með hreyfihamlanir til að komast á milli staða (Jonasdóttir, Egilson & Polgar, 2018). Einnig rannsókn innan félagsráðgjafar þar sem skoðuð er reynsla háskólanemenda með námsvanda af því hvað styður þá eða hindrar í námi (Sigrún Harðardóttir og Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, 2018).

Í íslensku lagaumhverfi má sjá jafnræðisreglur eða bann við mismunun, sem ætla megi að skuli gæta þess að jafnræðis sé gætt á öllum sviðum samfélagsins. Slíkt má sjá m.a. í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands (nr. 33/1944), Lögum um mannréttindasáttmála Evrópu (nr.

62/1994) sem lögfestur hefur verið, og í jafnréttislöggjöf (s.s. í Stjórnsýslulög, nr. 37/1993; Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 86/2018). Enn sem komið er eru ekki komin lög sem taka sérstaklega á jafnræði fyrir ákveðna jaðarsetta hópa t.d. fatlað fólk. Í bráðabirðgaákvæði í fyrrgreinum lögum um jafna meðferð kemur fram „Ráðherra skal innan árs frá gildistöku laga þessara leggja fram á Alþingi frumvarp þar sem kveðið verði á um að lögunum verði breytt þannig að þau gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði”. Því ber að fagna að slíkt frumvarp hefur verið lagt fram og er í ferli innan alþingis (Þingskjal nr. 170/2021-2022).

Gagnleg dæmi frá öðrum löndum

Dæmi frá öðrum löndum geta gefið íslenskum stjórnvöldum hugmyndir um leiðir til að styðja við algilda hönnun í íslensku samfélagi. Við leit að gögnum frá öðrum löndum kom fljótt í ljós að erfitt yrði að ná heildrænni sýn á það sem gert hefur verið til innleiðingar. Ein af ástæðunum er sú að notuð eru mismunandi hugtök sem tengjast algildri hönnun, auk þess sem margt hefur verið gert sem tengist jafnræði og inngildinu, þó svo að ekki sé fjallað sérstaklega um algilda hönnun (eða sambærileg hugtök) í því samhengi. Áberandi er hvað Noregur hefur lagt mikla áherslu á algilda hönnun og töluvert fannst af gagnlegu efni þaðan, bæði stefnumótunarskjölum sem og fræðilegu efni. Balaram (2011) leggur ítreka að áherslur algildrar hönnunar geti verið ólíkar milli staða og því virki ekki endilega það sama á einum stað og öðrum. Því þarf að skoða hvaða leiðir henta í íslensku samhengi, en ætla má að einhver líkindi séu milli menningar og samfélags á Íslandi og Noregi og því möguleiki fyrir íslensk stjórnvöld að líta til þeirrar reynslu og fyrirmyndar. Um langtímaverkefni er að ræða og önnur lönd eru einnig að þróa hvernig þau geta tekist á við verkefnið um algilda hönnun.

Eins og fyrr segir er Noregur framarlega á þessu sviði algildrar hönnunar og þaðan má sækja mörg góð dæmi. Hér á eftir er því ítarlegur kafli um innleiðingu algildrar hönnunar í Noregi. Því næst eru gefin dæmi um aðgerðir er tengjast algildri hönnun í öðrum löndum en Noregi. Dæmin eru sett fram í eftirfarandi undirkjöflum: a) Stefnumótun og lagabreytingar b) Fræðsla og vitundarvakning c) Viðurkenningar og hvatning og d) Samvinna og samstarfsverkefni

Innleiðing í Noregi

Noregur er í fararbroddi þegar kemur að algildri hönnun og hafa Norðmenn unnið ötullega í málaflokknum síðan 1997. Í upphafi var þar lögð áhersla á endurskoðun laga, skýra stefnu í málaflokknum, rannsóknir, þróun á aðferðum, tilraunaverkefni og stuðning við fræðslu prógröm (Bringa, Lund & Ringard, 2011). Norsk stjórnvöld áttu einnig frumkvæði að því að setja upp vefsíðu um algilda hönnun og fréttabréf með upplýsingum um framtak ríkisins í málaflokknum (Bendixen og Banktson, 2015).

Alls hafa norsk stjórnvöld sett fram fjórar framkvæmdaáætlanir tengdar algildri hönnun. Þær eru allar viðamiklar og mun ítarlegri en það sem hefur verið gert á Íslandi. Auk þess má finna

upplýsingar sem tengjast mati og eftirfylgd á þessum áætlunum á heimasíðu norskra stjórnvalda, sem og almennar upplýsingar um algilda hönnun, stefnumótun í málaflokknum (bufdir.no, e.d.). Það mikla magn upplýsinga sem er á heimasíðunni og í framkvæmdaáætlunum geta verið gagnlegar í framtíðarstefnumótun íslenskra stjórnvalda, en ekki er hægt að taka þær upplýsingar saman í heild sinni í þessari greinargerð. Áhugavert væri að greina betur innihald norsku áætlanna ef íslenskum stjórnvöldum hugnast að líta til Noregs í sinni stefnumótun. Skjölin eru ýmist sett fram á ensku eða norsku og krefst töluverðar yfirlegu til að greina hvaða markmið hafa verið sett fram og hver þróunin hefur verið. Einnig er hægt að finna fleiri upplýsingar um algilda hönnun frá Noregi, m.a. nýleg fræðslurit um algilda hönnun til að mæta fjölbreytileika í skólum og leikskólum í Noregi (The Norwegian Association of Local and Regional Authorities, 2021) og um algilda hönnun í skipulagsmálum (Kommunal- og moderniseringsdepartementet, 2021). Hér að neðan er farið yfir áherslur í norskri útfærslu á algildri hönnu, en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

Fyrsta framkvæmdaáætlun Noregs fyrir algilda hönnun var sett fram fyrir árin 2005-2008. Markmiðið var að bæta aðgengi að byggingum, útisvæðum og vörum með varanlegum hætti í gegnum stefnumótun og lög (The Ministry of the Environment, 2009). Árið 2009, varð algild hönnun lögbundin krafa í skipulagi og byggingum og í framhaldi af því gerði Noregur framsækna aðgerðaáætlun fyrir árin 2009-2013 með það að markmiði að Noregur ætti að vera „hannaður samkvæmt algildri hönnun árið 2025“ (Bringa, Lund, and Ringard, 2011; Norwegian Ministry of Children and Equality, 2009). Sú framkvæmdaáætlun leggur sérstaka áherslu á fjóra þætti þ.e. útisvæði og skipulag, byggingar, samgöngur og uppýsinga- og samskiptatækni og tengjast markmiðin flestum sviðum samfélagsins með aðkomu allra ráðuneyta. Þróun áætlunarinnar var gerð í samvinnu ráðuneyta og í samráði við stjórnvöld, sveitarfélög, ríkisráð í málefnum fatlaðs fólks, nefndir og ráð sem tengjast fötluðu fólki, hagsmunasamtökum og fagsamtökum (Norwegian Ministry of Children and Equality, 2009). Framkvæmdaáætluninni snérist um að standa við skuldbindingar SRFF og var ætlað að styðja við innleiðingu lagabreytinga sem eiga að tryggja algilda hönnun. Auk byggingar- og skipulagslaga má þar sjá lög er tengjast m.a. skólakerfinu, samgöngum og banni við mismunun. Halda átti málþing með mismunandi hagsmunahópum, fagfélögum og stofnunum til að fá upplýsingar og endurgjöf á aðgerðir áætlunarinnar og framfarir og árleg endurskoðun fara fram þar sem hagsmunaaðilum gæfust tækifæri til að leggja fram tillögur um breytingar (Norwegian Ministry of Children and Equality, 2009). Samkvæmt Lund og Bringa (2016) sýndi mat á árangri að ekki væri nægjanlegur drifkraftur í samfélaginu fyrir algilda hönnun og því væri þróunin háð forystu og frumkvæði stjórnvalda og sveitarfélaga. Niðurstöður sýndu samt að framför náðist á ýmsum sviðum þó enn væri langt í land. Þessar niðurstöður endurspeglar að innleiðing algildrar hönnunar er langtímaverkefni.

Á árunum 2014-2015 kom ekki fram ný framkvæmdaáætlun vegna breytinga í ríkisstjórn, en sum markmið voru framlengd (Lund og Bringa (2016)). Árið 2016 var sett fram ný framkvæmdaáætlun til ársins 2019 þar sem áherslan er á að norskt samfélag styðji við þátttöku allra. Enn er hnykkt á sömu fjóru þáttum, þ.e. útisvæði og skipulag, byggingar, samgöngur og uppýsinga- og samskiptatækni, en sá síðastnefndi auk velferðartækni eru þó

settir í forgang í þessari áætlun. Norðmenn leggja mikla áherslu á styrki og viðurkenningar til að efla algilda hönnun á öllum sviðum, auk rannsókna, nýsköpunar, eflingu innan skólakerfisins, þverfaglega samvinnu og samvinnu við notendur (The Norwegian Ministry of Children, Equality and Social Inclusion, 2016). Nýjasta framkvæmdaáætlun Noregs í málaflokknum fyrir 2021-2025 leggur áherslu á tenginguna milli algildrar hönnunar og sjálfbærni. Mikil og góð þróun hefur orðið bæði á stefnumótun og framkvæmdum síðan fyrsta áætlunin kom út en nýjustu áætluninni er ætlað að tryggja samfellu í yfirstandandi aðgerðum og eftirfylgd nýrra hugmynda (Kulturdeparemented, 2021).

Árið 2005 fóru norsk stjórnvöld af stað með tilraunaverkefni fyrir sveitarfélög í þeim tilgangi að skapa samfélög með góðu aðgengi, jafnrétti, þátttöku og frelsi fyrir alla til að hafa val. Markmið verkefnisins voru nokkur, m.a. vitundarvakning og árangur í átt að algildri hönnun í bæjarskipulagi og stuðla að aðgerðum í samvinnu við atvinnulífið. Þróa átti samstarf við fatlað fólk og viðkomandi notendahópa og stuðla að aukinni færni þeirra sem bera ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og rekstri. Ennfremur var þeim sveitarfélögum sem tóku þátt ætlað að vera fyrirmyndir og hvatning fyrir önnur sveitarfélög til að huga betur að algildri hönnun og taka þátt í landsátaki um algilda hönnun (Bringa, Lund & Ringard, 2011; The Ministry of the Environment, 2009)

Norska hönnunarráðið hefur lagt mikla áherslu á hönnun fyrir alla með sýnileika á málefnum á vefsíðu sinni og með því að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi hönnun fyrir alla. Ráðið hefur einnig staðið að tilraunaverkefnum til að þróa aðferðir og hugmyndir í anda algildrar hönnunar þar sem lögð er áhersla á samskipti, miðlun upplýsinga og fyrirmyndarverkefni í samvinnu við atvinnulífið. Einnig hefur ráðið verið í nánú samstarfi við fræðafólk og nemendur í hönnunar og viðskiptaskólum, haft áhrif á námskrár, ýtt undir samráð við notendur í nemendaverkefnum og lagt áherslu á vitundarvakningu um algilda hönnun á viðburðum á vegum stjórnvalda (Bendixen og Banktzon, 2015).

Árið 1994 stofnuðu norsk stjórnvöld miðstöð um aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks sem kölluð er Delta miðstöðin. Miðstöðin hefur tekið þátt í verkefnum og gefið út úrval skrifa um algilda hönnun. Markmið þeirra er að tengja framtak einstaklinga og þjónustu í stærra samhengi og bæta aðstæður fatlaðs fólks (Bendixen og Banktzon, 2015). Miðstöðin gaf m.a. út bækling á norsku og ensku þar sem hugmyndafræði algildrar hönnunar er útskýrð. Þar er lögð áherslu á þverfaglega samvinnu í áætlanagerð, framkvæmd og eftirfylgni og að viðeigandi ferlar sem hvetja til þátttöku notenda séu viðhafðir. Slíkir ferlar eru lykilatriði til að efla lýðræðislega ákvarðanatöku og innsýn notenda þarf að vera til staðar í þróunarferlum og gæðaeftirliti lausna (The Norwegian Ministry of Environment, 2007).

Delta miðstöðin skipulagði að beiðni stjórnvalda fyrstu heimsráðstefnuna í algildri hönnun sem fram fór í Evrópu árið 2012. Í framhaldinu var gefið út rit til að kynna áherslur og efni sem kynnt var á ráðstefnunni þar sem boring voru kennsl á hvernig algild hönnun er að þróast. Í fyrsta lagi bendti efnið til að þróunin sé frá regluverki til nýsköpunar. Í öðru lagi eru áherslur að færast frá aðgengi til inngildingar. Í þriðja lagi eru áherslur nú á félagslega

sjálfbærni en ekki hindranir fyrir suma einstaklinga (Norwegian Directorate for Children, Youth and Family Affairs, The Delta Centre, 2013).

Nýjasta skýrsla Norðmanna á stöðu algildrar hönnunar sýnir að þó víða sé framför er ýmislegt sem upp á vantar. Bent er á skort á kerfisbundnum mælingum og rannsóknum á þróun algildrar hönnunar og þörf á betri skráningum til að geta lagt mat á árangur. Þar er bent á að slíkt mat geri markmiðssetningu og forgangsöröðun auðveldari í stefnumótun. Skýrslan leggur áherslu á mikilvægi samstarfs og rannsókna þvert á stofnanir og geira, sem og að á kennslu algildrar hönnunar innan menntastofnanna til að auka þekkingu og færni í málaflokknum (Buðir, 2020). Nýlegar reglur um styrki innan algildrar hönnunar fundust einnig á heimasíðu norskra stjórnvalda. Samkvæmt reglunum geta m.a. sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og rannsóknahópar sótt um styrki vegna rannsókna og þekkingarþróunar, nýsköpunar, færniþróunar, og miðlun upplýsinga á sviði algildrar hönnunar (Regelverk nr. 08/2022).

Stefnumótun og lagabreytingar

The Council of Europe Disability Strategy fyrir árin 2017 – 2023 leggur áherslu á að öll aðildarríki skuli vinna að algildri hönnun í löggjöf sinni, stefnu og starfsemi til að bæta líf fatlaðs fólks (Council of Europe, 2017). Svipað og á Íslandi hefur hugmyndafræði um jafnræði og inngildingu víða verið innleidd í stefnur innan Evrópu, þó svo hugtakið algild hönnun sé ekki alltaf notað (Person, 2015). Sænsk stjórnvöld settu t.d. stefnu um að Svíðþjóð yrði aðgengileg fyrir allt fólk árið 2010 (Person, 2015) en byrjuðu ekki að nota hugtakið algild hönnun formlega fyrr en árið 2017 (Functionsrátt Sverige, 2020). Áherslur Svía eru á lýðræðislegt samfélag þar sem þátttaka allra skiptir máli fyrir samfélagið í heild sem fellur vel að sýn félagslegrar sjálfbærni (Person, 2015).

Steinfeld og Maisel (2012) undirstrika að meiri vitund sé um algilda hönnun á Norðurlöndunum en annars staðar í heiminum, og sést þetta í þeim verkefnum og áherslum sem settar eru þar. Sem dæmi má nefna þá vann hópur fræðafólks af Norðurlöndunum að gerð norræns sáttmála um algilda hönnun og áætlun um innleiðingu algildrar hönnunar að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2011. Tilgangur sáttmálans var að leggja fram rök fyrir mikilvægi algildrar hönnunar og skapa vettvang fyrir frekari rannsóknir og góða starfshætti á sviðinu (Björk, 2014). Áherslur sem settar voru fram í sáttmálanum eru eftirfarandi:

- Að ná fram þátttöku og valdeflingu fyrir alla með algildri hönnun
- Að vekja athygli á mikilvægi fjölbreytileikans í samfélaginu með algildri hönnun
- Að tryggja sjálfbærar lausnir með algildri hönnun
- Að tryggja að stjórnvöld axli ábyrgð og styðji við þróun stefnu og nálgana í algildri hönnun
- Að hvetja til þverfaglegrar samvinnu og samstarfs þvert á atvinnugreinar til að tryggja umhverfis- og efnahagslega sjálfbærustu lausnir í algildri hönnun
- Nýsköpun í gegnum algilda hönnun
- Að auka skilning á kostum algildrar hönnunar fyrir íbúa (Björk, 2014, bls. 4)

Bendixen og Banktson (2015) fara yfir þróun „hönnunar fyrir alla“ í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og benda á að í gegnum tíðina hafa þessi lönd frekar lagt áherslu á samtal en lagasetningu í stefnumótun. Þessar áherslur hafa þó að einhverju leiti breyst og stjórnvöld sjá aukna þörf á lagasetningum fyrir inngildandi samfélag. Lagasetning ein og sér dugar þó ekki og getur leitt til lágmarksviðmiða en ekki hvatningar til að gera betur.

Mörg lönd hafa sett fram lög sem banna mismunun í hvernig formi sem hún er og í öllum aðstæðum. Slík lög styrkja lagalegan rétt einstaklinga og á sama tíma gefa þeim sem brotið hefur verið á tækifæri á að sækja rétt sinn (Person, 2015). Ákveðinn vendipunktur varð í Bretlandi þegar jafnréttislög voru sett árið 2010 (; Clarkson og Coleman, 2015; Equality Act, 2010), en þá breyttust áherslur frá því hvernig mætti aðlaga umhverfið fyrir fatlað fólk í það hvernig samfélagið geti stutt við allt fólk og fagnað fjölbreytileikanum (Clarkson og Coleman, 2015).

Í Kanada eru hugtökin *aðgengi* og *hönnun fyrir alla* (*inclusive design*) mest notuð en ekki *algild hönnun*. Töluvert efni tengist báðum hugtökum. Ýmis lög og reglugerðir byggja á hugtakinu *aðgengi*. Sem dæmi má nefna er the Accessible Canada Act (2019), sem miðar að hindranalaus Kanada, og the Accessibility for Ontarians with Disabilities Act (2005) sem kallar á þróun, innleiðingu og eftirfylgd aðgengisstaðla á sviði þjónustu, samgangna, upplýsinga og fjarskipta, mannvirkja og atvinnu. Athygli vekur að í fyrirnefndri Accessible Canada Act (2019) eru hindranir ekki eingöngu efnislegar heldur geta líka átt uppruna sinn í viðhorfum og samskiptum. Hugtakið *inclusive design* tengist svo meira löggjöf um mannréttindi og banni við mismunun (Canadian Human Rights Act, 1985; OCAD University, e.d.b).

Fræðsla og vitundarvakning

Hugmyndafræði algildrar hönnunar hefur verið innleidd í ýmis námskeið og námskrár víða um heim. Dæmi um slíkt var diplómunám í algildri hönnun byggt á samnorraenum grunni sem fór fram við The Nordic School of Public Health á árunum 2011-2014. Björk (2015) lýsir í grein sinni tilurð og sögu námsins sem átti uppruna sinn í niðurstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar að þörf væri á þjálfun og menntun í hvernig styðja mætti allt fólk til að taka fullan þátt í samfélaginu. Árið 2006 var byrjað að kenna námskeið um algilda hönnun við skólann, sem þróaðist svo yfir í fyrirnefnt diplómanám. Björk (2015) telur að þó lokun námsleiðarinnar hafi dregið úr þróun og vexti á sviði algildrar hönnunar í norrænum lýðheilsufræðum, þá var það hvatning til annarra skóla og námsleiða til að innleiða hugmyndafræði algildrar hönnunar í námskeið sín.

Námskeið tengd hugmyndafræðinni hafa breiðst út í hönnunarskólum í Svíþjóð. Dæmi um slíkt eru námskeið í hönnun fyrir alla innan arkitektúr í Luleå háskóla, meistaranám í hönnun fyrir alla í Mid Sweden University, og prógram sem leggur áherslu á öldrun og þátttöku eldra fólks í hönnunarferlum í Háskólanum í Lundi (Bendixen og Banktson, 2015). Algild hönnun er einnig að einhverju leiti kennd innan arkitektúrs og hönnunar í Bandaríkjunum (Steinfeld

og Maisel, 2012), og dæmi má finna um námskeið tengd aðgengi og hönnun fyrir alla hjá háskólum í Kanada (s.s. Centennial College, 2022; University of Toronto (2022); OCAD University, e.d.a.).

Finnar stofnuðu *The Finnish Design for ALL network*, þar sem háskólasamfélagið og aðrar mennta- og rannsóknarstofnanir unnu að námskrá tengdri hönnun fyrir alla (Bendixen og Banktson, 2015). Áherslur Dana á algilda hönnun í námskrá innan hönnunar og arkitektúr hefur leitt til aukinnar notkunar á hugmyndafræðinni innan háskóla og leitt til doktorsnámsstaða tengt málefnið (Bendixen og Banktson, 2015). Mismunandi er hversu mikil sérþekking er til staðar á hugmyndafræði algildrar hönnunar. Til að bæta kennslu í algildri hönnun innan arkitektúrs tóku yfirvöld í Malasíu á það ráð að þjálfa upp fólk til að kenna um málefnið, vegna skorts á sérfræðingum á sviðinu (Steinfeld og Maisel, 2012).

Auk formlegrar kennslu innan skólakerfisins eru margskonar dæmi frá öðrum löndum ætluð til vitundarvakningar. Opinberar sýningar hafa verið settar upp á listasöfnum og sölusýningum í Bandaríkjunum og Kanada til að fræða almenning um algilda hönnun. Steinfeld og Maisel (2012) leggja þó til að huga að fjölbreyttari vettvangi fyrir slíkar sýningar til að ná til fleira fólks. Viða á heimasíðum og í fræðigreinum má finna lýsingar á tilvikum þar sem bygging eða önnur mannvirki eru hönnuð með hugmyndafræði algildrar hönnunar í huga. Oftast er um að ræða umræður í tengslum við arkitektúr eða skipulag og gefin sýnishorn af vel heppnaðri hönnun fyrir aðra til að taka sér til fyrirmyndar og læra af (t.d. Gossett, 2009, Rumsans, e.d.). Danmörk hóf öflugt átak til vitundarvakningar um algilda hönnun, t.d. í formi fréttabréfa og rita, herferða, og ráðstefna með áherslu á byggingariðnað, framleiðslu, upplýsingatækni og almenningssamgöngur. Einnig voru herferðir með áherslu á aðgengi fyrir eldra fólk þar sem notast var við sjónvarpsauglýsingar, prentmiðla og veggspjöld. Tímarit voru gefin út með áherslu á hönnun fyrir alla þar sem markhóparnir voru hönnuðir, arkitektar og stefnumótunaraðilar í málaflokknum (Bendixen og Banktson, 2015). Einnig settu Finnar upp tímabundið prógram til að innleiða aðgengisstefnu þar sem markmiðið var að auka vitund almennings, stjórnvalda, þjónustuaðila og almennings á mikilvægi aðgengis. Um var að ræða samvinnu milli ráðuneyta, samtaka sveitarfélaga, opinberra stofnanna og félagasamtaka fatlaðs og aldraðs fólks (Bendixen og Banktson, 2015).

Viðurkenningar og hvatning

Ýmis dæmi má finna um viðurkenningar og hvatningakerfi til að stuðla að algildri hönnun. Noregur er þar framarlega í flokki með styrkjaveitingum (Regelverk nr. 08/2022) og The National Disability Authority (e.d.) á Írlandi veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi algilda hönnun. Í Japan hefur verið brugðið á það ráð að veita skattaívilnanir og afslætti í tengslum við íbúðalán þar sem sýnt hefur verið fram á algilda hönnun á íbúðarhúsnæði (Kose, 2011).

Í Þýskalandi eru haldnar sýningar og keppnir um algilda hönnun (Institute for Universal Design, e.d.). Þjóðverjar veita einnig gæðamerki algildrar hönnunar, sem er viðurkenning fyrir notendavænar vörur. Sérfræðingar og notendur koma að mati vörunnar þar sem horft er

á gæði og þakkingar vörunnar og hvernig varan henti fjölbreytilegum notendahópi. Einnig er mikil áhersla á þátttöku notenda í þróun en ekki eingöngu á loka afurð (Krauss, 2011).

Samvinna og samstarfsverkefni

Við hæfur verið sett á fót samstarf þar sem fagfólk, ýmsir hagsmunaaðilar og aðrir áhugasamir um algilda hönnun geta tengst og unnið saman. Slíkt samstarf er gott tækifæri til að dreifa hugmyndum og ætla má að í slíku samfélagi myndist sérfræðipækking sem nýtist til menntunar á sviðinu (Steinfeld og Maisel, 2012).

Á Norðurlöndunum hafa verið settar á fót þekkingar- og rannsóknarmiðstöðvar um málefnið sem hafa það hlutverk t.d. að auka umræðu um málefnið, skipuleggja fundi og fræðslu, birta efni og sinna ráðgefandi stöðu í málaflokknum. Dæmi um slíkar miðstöðar eru *Design for alla.dk* í Danmörku, *Delta* í Noregi, og *EIDD Sweden* og *Unicum* í Svíþjóð (Bendizen og Banktson, 2015). Vestan hafs eru einnig rannsóknarmiðstöðar sem tengjast málefninu s.s. the Inclusive Design Resesarch Centre og Inclusive Design Institute (e.d.) í Kanada sem gera rannsóknir tengdar upplýsinga- og samskiptatækni, og rannsóknahópar hjá The Center for Universal Design (n.d.) og the University of Buffalo í Bandaríkjunum (Steinfeld og Maisel, 2012). Einnig er í Skotlandi rannsóknarsetur þar sem unnið er að þverfaglegum rannsóknum á útisvæðum fyrir alla (University of Edinburgh, 2022) og í Þýskalandi er hönnunarmiðstöð sem þróar hugmyndir um algilda hönnun með rannsóknarverkefnum, ráðstefnum og vinnustofum í samvinnu við fræðafólk (IDZ, e.d.). Í Bretlandi er miðstöð fyrir aðgengilegt umhverfi, þar sem boðið er upp á ráðgjöf, þjálfun og leiðbeiningar fyrir hönnuði og aðra þá sem koma að húsnaðis- og mannvirkjamálum, m.a. tengt aðgengi og hönnun fyrir alla, bygginarreglugerðum og jafnréttislögum (CAE, e.d.).

Stjórnvöld á Írlandi opnuðu þekkingarmiðstöð um algilda hönnun árið 2005 þar sem áhersla er á mannvirki, vörur og upplýsinga- og fjarskiptatækni. Miðstöðin er hluti af *the National Disability Authority* sem er ríkistofnun sem er leiðandi í málefnum fatlaðs fólks. Miðstöðin veitir óháða sérfræðiráðgjöf um stefnumótun og framkvæmd og er í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila s.s. stjórnvöld, samtök iðnaðar og viðskipta, fræðafólk, fagfólk, fatlað fólk, eldra fólk og almenning (National Disability Authority, e.d.).

Samtökin *EIDD Design for all Europe* er vettvangur fyrir félög og stofnanir innan Evrópu með sameiginleg markmið fyrir inngildandi samfélag fyrir alla. Aðildarfélög og stofnanir koma m.a. frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en Ísland er þar ekki á lista. Áherslan í þessum samtökum er hönnun fyrir mannlegan fjölbreytileika, félagslega þátttöku og jafnrétti. Samtökin leggja áherslu á að slík hönnun krefjist þátttöku notenda á hverju stigi hönnunarferlisins og greiningar á þörfum þeirra. Flest félög og stofnanir sem eru með aðild tengjast hönnunargeiranum (*EIDD Design for all Europe*, e.d.). Önnur svipuð samtök eru *EDeAN European Design for All E-Accessibility Network* sem leggja áherslu á hönnun fyrir alla í tengslum við upplýsingatækni (*EdeAN*, e.d.).

Sænskt samvinnuverkefni milli réttindasamtaka fatlaðs fólks og hönnunardeildar í Háskólanum í Lundi sem kallast *Rétt frá upphafi* var unnið á árunum 2019-2022. Markmið verkefnisins var að efla þekkingu á og skapa aðferðir til að vinna að algildri hönnun og að stuðla að umhverfi, þjónustu og starfsemi án aðgreiningar, fyrst og fremst á sviði menntunar, húsnæðismála og vinnumarkaðar (Rätt från början, 2019). Staða algildrar hönnunar í Svíþjóð var skoðuð sem hluti af þessu verkefni og bentu niðurstöður til að langt væri í land með að ná algildri hönnun á ofantöldum sviðum og að skortur væri á þekkingu á hvað algild hönnun er. Einnig kom fram að notendur, s.s. fatlað fólk, hafi meiri þekkingu á hugtakinu heldur en þeir sem eiga að tryggja framkvæmd algildrar hönnunar, s.s. ríki og sveitarfélög. Verkefnið lagði mikla áherslu á aðkomu fatlaðs fólks í framkvæmd algildrar hönnunar strax frá upphafi verks (Functionsrátt Sverige, 2020). Í framhaldinu komu út leiðbeiningar um algilda hönnun þar sem m.a. er farið yfir hönnunarferlið og gagnleg vinnuferli algildrar hönnunar í tengslum við húsnæði, atvinnulíf og menntun. Áhugavert er að þótt töluverð áhersla sé á efnislegt umhverfi þá er einnig gefinn gaumur að félagslegum þáttum í þessum leiðbeiningum (Functionsrátt Sverige, 2021).

Mikilvægar áherslur við innleiðingu algildrar hönnunar

Algild hönnun er margslungið og flókið fyrirbæri og að mörgu að hyggja við innleiðingu stefnunnar í íslenskt samfélag. Hér að neðan verður farið yfir mikilvægar áherslur sem huga þarf að við innleiðingu í íslenskt samfélag og fjallað um áskoranir þeim tengdum. Áherslur þurfa að vera á: a) vitundarvakningu, b) þekkingaröflun, c) notendasamráð og þverfaglega samvinnu, og (d) nýsköpun.

Vitundarvakning

Algild hönnun krefst hugarfarsbreytingar og því er mikilvægt að efna til vitundarvakningar um markmið og mikilvægi algildrar hönnunar og efla umræður um málefnið og mögulegar útfærslur. Umfjöllun um algilda hönnun hefur einkum verið í tengslum við mannvirki og fólki því tamt að hugsa um aðgengi að hinu byggða umhverfi í tengslum við algilda hönnun. Því þarf að útvíkka þær hugmyndir svo þær nái yfir breiðara svið eins og algild hönnun er skilgreind í dag samkvæmt SRFF (United Nations, 2007). Algild hönnun er bæði aðgengileg og hindranalaus en markmiðið er að fara langt framúr lágmarks viðmiðum sem tilgreind eru í stöðlum eða leiðbeiningum. Steinfeld og Maisel (2012) leggja áherslu á að vitundarvakning þurfi að snúa að samfélaginu í heild þ.e. að stjórnvöldum, notendum og þeim sem mögulega geta komið að því að hanna eða þróa vöru eða þjónustu. Slík vitundarvakning getur farið fram með margskonar hætti s.s. viðburðum, útgefnu fræsðluefni og í fjölmiðlum, sem og með því að hugmyndafræðin sé kennd sem hluti af námsleiðum s.s. til starfsréttinda í mismunandi fögum (Steinfeld og Maisel, 2012).

Þekkingaröflun

Það er erfitt að innleiða hugmyndafræði sem fáir þekkja. Árið 2012 báru Steinfeld og Maisel kennsl á þörf á öflun þekkingar á algildri hönnun og leiðum til framkvæmdar. Þótt tíu ár séu liðin frá útgáfu bókar þeirra má í raun segja að staðan sé svipuð nú. Til er nokkuð efni um

Það hvað algild hönnun er, sérstaklega í tengslum við mannvirki, en það skortir upplýsingar um framkvæmd algildrar hönnunar. Þótt útvíkkun hafi verið á hugtakinu eins og það er sett fram í SRFF þar sem áherslan er ekki eingöngu á hönnun á byggingum og vörum, heldur einnig komin á aðra þætti s.s. áætlanir og þjónustu (United Nations, 2007), þá virðist lítið verið skrifað um þær áherslur.

Miðað við íslenskt efni sem til er um algilda hönnun má ætla að takmörkuð þekking sé almennt í samfélaginu um hvað hugmyndafræðin snýst og hvernig megi innleiða hana. Svíar virðast vera framar Íslendingum í innleiðingu hugmyndafræðinnar, en þrátt fyrir það kemur fram í nýlegri rannsókn þaðan að þekking á algildri hönnun sé enn takmörkuð. Í rannsókninni var skoðað hvað hugtakið algild hönnun þýðir fyrir ýmsa hagsmunaaðila s.s. hönnuði, fræðafólk, aðgerðasinna og aðila innan stjórnvalda. Niðurstöður þeirra benda til að hugtakið sé gjarnan misskilið og misnotað eins og þegar það er notað eingöngu fyrir efnislegt aðgengi. Ennfremur fannst þátttakendum hugtakið óþjálmt og torskilið sem gerði það að verkum að það nýtist ekki í verki, sérstaklega vegna takmarka á tíma og fjármagni (Erdtman og félagar, 2021). Það er því ljóst að þörf er á þekkingaröflun á sviðinu. Í því samhengi er vert að benda á skuldbindingar stjórnvalda með fullgildingu SRFF, en í 4. grein hans kemur fram að aðildarríkin skuldbinda sig til „að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á algildri hönnun framleisluvara, þjónustu, tækja og aðstöðu“ (Þingskjal nr. 960/2020–2021).

Notendasamráð og þverfagleg samvinna

Samkvæmt Lid (2016) er brýnt við innleiðingu algildrar hönnunar að afla og nýta mismunandi þekkingu þ.e. reynslu notenda, fræðilega- og fagþekkingu. Samráð við notendur og þverfagleg samvinna við rannsóknir og útfærslu er því sérlega mikilvæg. Hún bendir einnig á að hugmyndafræði algildrar hönnunar bjóði ekki upp á einfalda töfralausn. Um sé að ræða hagnýta stefnu fyrir samfélag án aðgreiningar og ferli sem felur í sér flóknar málamiðlanir, stöðugt mat og endurskoðun (Lid, 2014). Framkvæði þarf að vera til staðar þar sem tekist er á við vandamál áður en þau rísa og áhersla lögð á sameiginlega ábyrgð margra, ekki bara fárra (Steinfeld og Maisel, 2012).

Mikilvægt er að nýta þá mismunandi þekkingu sem fag- og fræðafólk hefur (Lid, 2016; Moore o.fl., 2020; Watchhorn o.fl., 2021). Þverfagleg þekking sem gæti nýst við rannsóknir og innleiðingu algildrar hönnunar getur komið frá fögum eins og fötlunarfræði, iðjuþjálfun og sjúkrapjálfun, arkitektúr og hönnun, og lögræði. Skortur hefur verið á þverfaglegri samvinnu milli mismunandi fag- og fræðiaðila en ætla má að notkun fjölbreyttra aðferða til rannsókna og þróunar á sviðinu, þar sem fjölbreytt sýn er notuð, sé málefni til hagsbóta (Watchhorn o.fl., 2021).

Þótt þverfagleg þekking sé gagnleg í þessu samhengi, þá er nauðsynlegt í ferli algildrar hönnunar að hafa samráð og samvinnu við notendur, þar á meðal fatlað fólk (Erdtman o.fl., 2021; Jones, 2014; Larkin o.fl., 2015; Lid og Solvang, 2016; Lid, 2016). Nýlegar íslenskar rannsóknir benda til að ekki hafi verið haft nægilegt samráð við fatlað fólk í stefnumótun og eftirliti með þjónustu í gegnum tíðina (Löve o.fl., 2018; Jónasdóttir, Egilson og Polgar,

2018;2020). Því þarf að koma á vinnulagi þar sem notendur eru raunverulega hafðir með í ráðum í allri hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu til að ýta undir jöfn tækifæri og samfélagslega þátttöku sbr. SRFF (United Nations, 2007).

Innleiðing á algildri hönnun þarf að fara fram á mismunandi stigum samfélagsings (míkró, mesó og makró) og því nauðsynlegt að samvinna sé þar á milli. Á míkróstigi býr þekking og reynsla notenda á notagildi umhverfisins. Mesóstigið snýst um skipulag og útfærslur t.d. tæknilega staðla og leiðbeiningar, og makróstigið á við um stefnumótun, lög og reglugerðir í samfélaginu (Lid, 2016). Í því samhengi hefur verið bent á mikilvægi þess að hugmyndafræði algildrar hönnunar endurspeglar ekki eingöngu í stefnumótun tengt félagsmálum, arkitektúr og hönnun heldur einnig tengt vinnumarkaðs-, mennta-, og jafnréttismálum (Bendixen og Benktzon, 2015).

Áskorun getur falist í samvinnu milli mismunandi stiga samfélagsins, þar sem ólík sjónarhorn mismunandi fagstétta og notenda mætast, og má reikna með ýmsum árekstrum og klemmum sem takast þarf á við. Slíka árekstra skal þó ekki forðast, heldur nýta þá sem lærdómstækifæri þar sem viðræður verða að eiga sér stað varðandi forgangsöröðun og hvernig megji leysa málin svo það gagnist sem flestum (Gosset o.fl., 2009; Lid, 2014).

Nýsköpun

Hvetja þarf þá sem koma að hönnun og þróun vara, mannvirkja, þjónustu eða annars til að tileinka sér hugmyndafræði algildrar hönnunar í verki. Lágmarksviðmið eru nauðsynleg t.d. til að vita hvort lögum og reglum er framfylgt en það þarf eitthvað meira til að ýta undir ferli algildrar hönnunar. Því miður þá verða slík lágmarksviðmið oft að einhverskonar hámarksviðmiðum sem hönnun nær, þ.e. þau geta dregið úr hugmyndaauði og að stigið sé skrefinu lengra til að bæta aðgengi og möguleika fólks til þátttöku, byggt á þörfum notenda (Salmen, 2011; Grangaard, 2021; Larkin o.fl., 2015).

Dæmi frá öðrum löndum, sem og fræðilegt efni, benda til að hvatningar eða umbunarkerfi í formi viðurkenninga, styrkja eða skattalækkunar geti verið gagnleg til þess hvetja til notkunar á hugmyndafræðinni og ýta undir nýsköpun og hugmyndaauði á því sviði (Krauss, 2011; Heylighen, 2014; Malik og Mikilajczak, 2019). Slík nýsköpun teygir anga sína ekki eingöngu til hönnunar á efnislegu umhverfi heldur til markaðssetningar, stefnumótunar, menntunar o.fl. (Steinfeld og Maisel, 2012). Lagt hefur verið til að gefa þurfi t.d. hönnuðum upplýsingar um algilda hönnun og leiðir til valdeflingar svo þeir upplifi að þeir hafi umboð til að takast á við þetta verkefni sem algild hönnun er á skapandi hátt fyrir fjölbreytileikann (O Shea og félagar, 2018).

Tillögur að næstu skrefum

Tillögur að úrbótum til að efla algilda hönnun á Íslandi er hér sett fram í samræmi við tillögu Lid (2016) um að innleiðing þurfi að fara fram á míkro, mesó og makró stigum samfélagsins.

Stig	Núverandi dæmi sem tengjast algildri hönnun á Íslandi	Tillögur til úrbóta	
		Á hverju stigi	Þvert á stig
Makró	- Stefna stjórnvalda - SRFF - gildi í samfélaginu tengd mannréttindum og jafnri stöðu einstaklinga - Lög og reglugerðir er snerta á algildri hönnun og aðgengi fyrir alla	- Skýrari afstaða til algildrar hönnunar s.s. í framkvæmdaáætlun og með endurskoðun á lögum. - Hvatning/umbun/styrkir fyrir þá sem sýna algilda hönnun í verki - Stuðningur við rannsóknir	- Þverfagleg samvinna og samráð milli allra stiga - Vitundarvakning og fræðsla - Rannsóknir – öflun þekkingar
Mesó	- Skipulag og útfærsla s.s. lágmarksviðmið um aðgengi - Tæknilegar lausnir - Verkefni sem snúa að því að bæta aðgengi og notagildi	- Útfærsla verklags um ferli algildrar hönnunar (ferli vs útkoma)	
Míkro	- Reynsla og sýn notenda á notagildi	- Samráð við notendur þar sem þekking og reynsla þeirra af notagildi og aðgengi er nýtt í raun	

Eins og fram hefur komið þá er algild hönnun flókið fyrirbæri og í mörg horn að líta. Um er að ræða langtímaverkefni sem þarfnast þekkingar og ut anumhalds, en mikilvægt er að forgangsraða verkefnum og byrja strax. Því væri gagnlegt, eins og gert hefur verið í öðrum löndum, að stofna til þekkingar- og þróunarmiðstöðvar fyrir innleiðingu algildrar hönnunar á Íslandi. Slík miðstöð gæti gegnt því hlutverki að vinna þverfaglega að rannsóknum á sviðinu, og stuðla að vitundarvakningu með því að halda viðburði, halda úti heimasíðu með gagnlegum upplýsingum, sem og kynna niðurstöður rannsókna. Þetta ætti allt að gerast í góðri samvinnu við mismunandi notendahópa, og þá sérstaklega þá hópa sem upplifa mestar hindranir þ.e. fatlað fólk. Nauðsynlegt er að hafa náð samráð við hagsmunasamtök jaðarsettra hópa sem málið varðar.

Heimildaskrá

- Akureyrarbær. (e.d.). *Önnur ráð og nefndir: Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks*.
<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/nefndir-og-rad/onnur-rad-og-nefndir>
- Balaram, S. (2011). Universal Design and the Majority world.. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith, *Universal design handbook* (2. útgáfa) (bls. 3.1-3.6). McGraw Hill
- Bendixen, K., & Benktzon, M. (2015). Design for All in Scandinavia - a strong concept. *Applied ergonomics*, 46 Pt B, 248–257.
<https://doi.org/10.1016/j.apergo.2013.03.004>
- Birna Hreiðarsdóttir og Harpa Cilia Ingólfssdóttir. (2016). *Aðgengi fólks með fötlun að almenningssamgöngum á landi; staða mála og mögulegar umbætur*.
[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Adgengi_folks_med_fotlu_almenningsamgongur/\\$file/ADGENGI_FOLKS_MED_FOTLUN_AD_ALMENNINGSSAMGONGUM_SEPT_2016.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Adgengi_folks_med_fotlu_almenningsamgongur/$file/ADGENGI_FOLKS_MED_FOTLUN_AD_ALMENNINGSSAMGONGUM_SEPT_2016.pdf)
- Björk, E. (2014). A Nordic Charter for Universal Design. *Scandinavian Journal of Public Health*. 42(1), p. 1-6
- Björk E. (2015). A new theme within public health science for increased life quality. *Scandinavian journal of public health*, 43(16 Suppl), 85–89.
<https://doi.org/10.1177/1403494814568602>
- Bonehill, J., Von Benzon, N. og Shaw, J. (2020). ‘The shops were only made for people who could walk’: impairment, barriers and autonomy in the mobility of adults with Cerebral Palsy in urban England. *Mobilities*, 1-21.
[doi:10.1080/17450101.2020.1746057](https://doi.org/10.1080/17450101.2020.1746057)
- Brennan, C., Traustadóttir, R., Rice, J. & Anderberg, P. (2018). „Being Number One is the Biggest Obstacle“. *Nordic Welfare Research*, p. 18-32.
<https://doi.org/10.18261/issn.2464-4161-2018-01-03>
- Brynja Elísabeth Halldórsdóttir. (2016). „Ég er að fara á fund með þessari stúlku þarna“: Öráreitni sem birtingarmynd fordóma í íslensku samfélagi. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 185-207). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Bufdir. (e.d.). *Universell utforming og tilgjengelighet*. <https://www.bufdir.no/uu/>
- Bufdir. (2020). *Universell utforming: Tilstandsanalyse og kunnskapsstatus*.
https://bufdir.no/globalassets/global/nbbf/universell_utforming/universell-utforming---tilstandsanalyse-og-kunnskapsstatus_uu.pdf
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012

- Campbell, F. K. (2009). *Contours of ableism: The production of disability and abledness*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- CAE. (e.d.). *Centre for Accessible Environment*. <https://cae.org.uk/>
- CAST. (2018). Universal Design for Learning Guidelines version 2.2. <http://udlguidelines.cast.org>
- Center for Universal Design. (1997). *The principles of universal design*. https://projects.ncsu.edu/design/cud/about_ud/udprinciplestext.htm
- Center for Universal Design. (n.d.). *About the Center*. https://projects.ncsu.edu/ncsu/design/cud/about_us/usronmace.htm
- Centennial college. (2022). *Universal Design*. <https://www.centennialcollege.ca/programs-courses/full-time/course/universal-design/>
- Clarkson, P. J. & Coleman, R. (2015). History of Inclusive Design in the UK. *Applied Ergonomics*, 46. Bls 235-247
- Council of Europe. (2017). *Human Rights: A reality for all*. <https://rm.coe.int/16806fe7d4>
- EdeAN. (e.d.). *EdeAN – European Design for All e-Accessibility Network*. [https://www.ics.forth.gr/_pdf/brochures/About%20EdeAN%20\(brochure%20in%20English\).pdf](https://www.ics.forth.gr/_pdf/brochures/About%20EdeAN%20(brochure%20in%20English).pdf)
- EIDD Design for all Europe. (e.d.) *Our mission*. <https://dfaeurope.eu/>
- Egilson, S. Þ., Ólafsdóttir, L. B., Ingimarsdóttir, A. S., Haraldsdóttir, F., Jóhannsdóttir, Á., Gibson, B. E. og Hardonk, S. (2021). Life quality and participation of disabled children and young people: Design and methods of a transformative study. *International Journal of Qualitative Methods*. 1-13. <https://doi.org/10.1177/16094069211016713>
- Egilson, S.Þ., Ottósdóttir, G. and Skaptadóttir, U.D., 2020. The Intersection of Childhood Disability and Migration in Family Lives. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 22(1), pp.25–34. DOI: <http://doi.org/10.16993/sjdr.689>
- Egilson, S.T., Ólafsdóttir, L.B., Ingimarsdóttir, S.T., Haraldsdóttir, F., Jóhannsdóttir, Á., Gibson, B.E. og Hardonk, S. (2021). Life quality and participation of disabled children and young people: Design and methods of a transformative study. *International Journal of Qualitative Methods*, 20, 1–13. <https://doi.org/10.1177/16094069211016713>.
- Embla Ágústsdóttir, Ásta Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2020). Öráreitni og ableismi: Félagsleg staða ungs fatlaðs fólks í almennu rými. *Íslenska þjóðfélagið*, 11(2), 3-18.

Erdtman, E., Rassmus-Gröhn, K. and Hedvall, P.-O., 2021. Universal Design as Guiding, Striving and Unifying: A Qualitative Study about how Universal Design is Understood, Practised and Realised in Contemporary Sweden. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 23(1), pp.158–168. <http://doi.org/10.16993/sjdr.770>

Equality Act. (2010). <https://www.legislation.gov.uk/ukpga/2010/15/data.pdf>

Fletcher, V. (2011). An international web-based collection of universal design exemplars. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith, *Universal design handbook* (2. útgáfa) (bls. 37.1-37.9). McGraw Hill

Functionsrátt Sverige. (2021). *Guide till universell utformning – Skapa tillsammans så att alla får plats*. <https://usercontent.one/wp/rattfranborjan.nu/wp-content/uploads/2021/09/Guide-till-universell-utformning-21-september-2021.pdf?media=1638272775>

Functionsrátt Sverige. (2020). *Nulägesrapport: Universell utformning I Sverige: Med fokus på bostad, arbetslive och utbildning*. <https://rattfranborjan.nu/wp-content/uploads/2020/01/R%C3%A4tt-fr%C3%A5n-b%C3%B6rjan-nul%C3%A4gesrapport-f%C3%B6r-webb.pdf>

Gossett, A., Mirza, M., Barnds, A. K., & Feidt, D. (2009). Beyond access: a case study on the intersection between accessibility, sustainability, and universal design. *Disability and rehabilitation. Assistive technology*, 4(6), 439–450. <https://doi.org/10.3109/17483100903100301>

Grangaard S. (2021). How to Communicate Universal Design to Architects on a New Website? A Reflection on the Type of Knowledge Requested. *Studies in health technology and informatics*, 282, 301–314. <https://doi.org/10.3233/SHTI210406>

Gustavsson, A., Tøssebro, J. og Rannveig Traustadóttir. (2005). Introduction: Approaches and perspectives in Nordic disability research. Í A. Gustavsson, J. Sandvin, Rannveig Traustadóttir og J. Tøssebro (ritstjórar), *Resistance, reflection and change: Nordic disability research* (bls. 23–44). Studentlitteratur.

Hamraie, A. (2016). Universal design and the problem of “post-disability” ideology. *Design and Culture*, 8(3), 285-309. doi:10.1080/17547075.2016.1218714

Haraldur Thorleifsson. (2021). *Universal design and accessibility* [Fyrirlestur]. An Ordinary Life with Physical Impairment: 75 Year Anniversary Conference for Nordic Collaboration Nordic Disability Forum, Rafræn ráðstefna. https://www.invalidiliitto.fi/sites/default/files/2021-11/75Year_Anniversary_Program_Nordic_Disability_Forum_Final.pdf

Háskólinn á Akureyri. (2020). VVU0106170 Velferð, viðhorf og umhverfi.

Háskóli Íslands. (2021). *Betri háskóli – betra samfélag: Stefna 2021–2026*. https://stefna.hi.is/documents/hi_stefna_org_HQ_agust_2021.pdf

- Háskóli Íslands. (e.d.). *Rannsóknarverkefni í fötlunarfræðum*.
<https://fel.hi.is/is/rannsoknasetur-rannsoknasetur-i-fotlunarfraedum/rannsoknarverkefni-i-fotlunarfraedum>
- Háskóli Íslands. (2022). *ÞRS002M Algild hönnun*.
<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=71086220220>
- Heimsmarkmiðin. (e.d.). Markmiðin um sjálfbæra þróun – áætlun til ársins 2030.
<https://www.heimsmarkmidin.is/>
- Heylighen, A. (2014) About the nature of design in universal design. *Disability and Rehabilitation*, 36(16) 1360-1368, doi: 10.3109/09638288.2014.932850
- Institute for Universal Design. (e.d.). Universal design competition. <https://www.universal-design.org/universal-design-competition?lang=en>
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (2020). *Skoðunarlistar og stöðrit*.
<https://www.hms.is/byggingar/byggingar/skodunarlistar-og-stodrit/>
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (e.d.). *Leiðbeiningar við byggingarreglugerð 112/2012*.
<https://www.hms.is/byggingar/leidbeiningar/leidbeiningar-vid-byggingarreglugerd/>
- IDZ. (e.d.). *Internationales Design Zentrum Berlin*.
<https://idz.de/en/projects/universaldesign.html>
- Inclusive Design Institute. (e.d.). *Designin for the full range of human diversity*.
<https://inclusivedesign.ca/about/>
- Inclusive Design Research Centre. (e.d.). *About us*. <https://achecker.ca/about/>
- International Organization for Standardization. (2018). *ISO 9241-11:2018 - Ergonomics of human-system interaction - part 11: Usability: Definitions and concepts*.
<https://www.iso.org/obp/ui/#iso:std:iso:9241:-11:ed-2:v1:en>
- Imrie, R. (2012). Universalism, universal design and equitable access to the built environment. *Disability and Rehabilitation*, 34(10), 873-882.
doi:10.3109/09638288.2011.624250
- Island.is. (2021). *Stafræn stefna*. <https://island.is/s/staфраent-island/staфраen-stefna>
- Iwarsson, S. og Ståhl, A. (2003). Accessibility, usability and universal design—positioning and definition of concepts describing person-environment relationships. *Disability and Rehabilitation*, 25(2), 57-66. doi:10.1080/dre.25.2.57.66
- Jóhannsdóttir, Á., Haraldsdóttir, F. og Egilson, S. Þ. (2022). Implications of internalised ableism for the health and wellbeing of disabled young people. *Sociology of Health & Illness*. 00. Bls. 1-17. <https://doi.org/10.1111/1467-9566.13425>

- Jónasdóttir, S. K., Egilson, S. Þ og Polgar, J. (2018). Services, systems, and policies affecting community mobility for people with mobility impairments in Northern Iceland: An occupational perspective. *Journal of Occupational Science*, 1-13. doi:10.1080/14427591.2018.1474797
- Jónasdóttir, S. K., Egilson, S. Þ og Polgar, J. (2020). Services, systems and policies shaping the built environment for people with bodily impairments. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 22(1), 371-381. doi:10.16993/sjdr.730
- Jones, P. (2014). Situating universal design architecture: Designing with whom? *Disability and Rehabilitation* 36(16): 1369–1374. DOI: <https://doi.org/10.3109/09638288.2014.944274>
- Keller, R. M. og Galgay, C. E. (2010). Microaggressive experiences of people with disabilities. Í D. W. Sue (ritstj.), *Microaggressions and marginality: Manifestation, dynamics and impact* (bls. 241–268). New Jersey: John Wiley & Sons.
- Kommunal- og moderniseringsdepartementet. (2021). *Universell utforming i planlegging*. https://www.regjeringen.no/contentassets/69872218a4f547a28be23fd7adb44e5c/no/pdfs/h-2480-b-universell-utforming-i-planlegging_v2.pdf
- Kose, S. (2011). The impact of aging on Japanese accessibility standards. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith, *Universal design handbook* (2. útgáfa) (bls. 11.1-11.9). McGraw Hill
- Krauss, I. (2011). Manifestations of universal design in Germany. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith, *Universal design handbook* (2. útgáfa) (bls. 13.1-13.10). McGraw Hill
- Kulturdepartementet. (2021). *Bærekraft og like muligheter – et universelt utformet Norge*. <https://www.regjeringen.no/contentassets/51369fe60a0240e4bbd554c54310048d/no/pdfs/handlingsplan-for-universell-utforming.pdf>
- Landbúnaðarháskóli Íslands. (2021). SKRG3BC07 Skróðgarðabyggingafræði C. <https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=80122620216&namskra=1>
- Landssamtökin Þorskahjálp. (2016). *Með okkar augum*. <https://www.throskahjalp.is/is/samtokin/frettir/medokkaraugum>
- Larkin, H, Hitch, D. Watchorn, V og Ang, S. (2015). Working with policy and regulatory factors to implement universal design in the built environment: The Australian Experience. *Environmental Research and Public Health* 12: 8157–8171. DOI: <https://doi.org/10.3390/ijerph120708157>
- Lid, I. M. (2012). Developing the theoretical content in universal design. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 15(3), 203-215. doi:10.1080/15017419.2012.724445

- Lid, I. M. (2014). Universal Design and disability: an interdisciplinary perspective. *Disability and Rehabilitation*, 36(16), 1344-1349. doi:10.3109/09638288.2014.931472
- Lid, I. M. (2015). Vulnerability and disability: a citizenship perspective. *Disability and Society*, 30(10), 1554-1567. doi:10.1080/09687599.2015.1113162
- Lid, I. M. (2016). Implementing universal design in a Norwegian context: Balancing core values and practical priorities. *Disability Studies Quarterly*, 36(2). doi:DOI: 10.18061/dsq.v36i2.3234
- Lid, I. M. og Solvang, P. K. (2016). (Dis)ability and the experience of accessibility in the urban environment. *Alter*, 10(2), 181-194. doi:10.1016/j.alter.2015.11.003
- Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 86/2018
- Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994
- Lög um mannvirki nr. 160/2010
- Löve, L., Traustadóttir, R. & Rice, J. G. (2018). Achieving disability equality: Empowering disabled people to take the lead. *Social Inclusion*, 6(1), 1-8. doi:10.17645/si.v6i1.1180
- Löve, L., Traustadóttir, R., & Rice, J. (2019). Shifting the Balance of Power: The Strategic Use of the CRPD by Disabled People's Organizations in Securing 'a Seat at the Table.' *Laws*, 8(2), 11. <https://doi.org/10.3390/laws8020011>
- Manley, S. (2011). Creating an accessible public realm. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith, *Universal design handbook* (2. útgáfa) (bls. 17.5-17.12). McGraw Hill
- Malik, K. Og Mikolajczak, E. (2019). Senior housing universal design as a development factor of sustainable-oriented economy. *Sustainability*, 11(24), 7093. <https://doi.org/10.3390/su11247093>
- Mannvirkjastofnun. (2018). *Kröfur um algilda hönnun*. <http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Byggingarsvid/Leidbeiningarblod/6.1.3%20%20%20Kr%C3%B6fur%20um%20algilda%20h%C3%B6nnun-1.2.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016_2019_master_16082019.pdf
- Moore, A., Lynch, H. og Boyle, B. (2020). Can universal design support outdoor play, social participation, and inclusion in public playgrounds? A scoping review. *Disability and Rehabilitation*, (early online). doi:10.1080/09638288.2020.1858353
- National Disability Authority. (e.d.). Centre for Excellence in Universal Design

- Norwegian Association of Local and Regional Authorities. (2021). *Design for Diversity: Universal Design in Schools and Kindergartens in Norway*.
<file:///Users/kitty/Downloads/Design%20for%20Diversity%20-%20Universal%20Design%20in%20Schools%20and%20Kindergartens%20in%20Norway.pdf>
- OCAD University. (e.d.a.). *Inclusive Design (Mdes)*.
<https://www.ocadu.ca/academics/graduate-studies/inclusive-design>
- OCAD University. (e.d.b.). *Inclusive design research centre: standards and policy*.
<https://legacy.idrc.ocadu.ca/policy.html>
- O Shea, E. C., Pavia, S., Dyer, M., Craddock, G., & Murphy, N. (2016). Measuring the design of empathetic buildings: a review of universal design evaluation methods. *Disability and rehabilitation. Assistive technology*, 11(1), 13–21.
<https://doi.org/10.3109/17483107.2014.921842>
- Ostroff, E. (2011). Universal design: An evolving paradigm. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith (ritstj.), *Universal design handbook* (bls. 1.3-2.1). New York: McGraw-Hill.
- Ólafsdóttir, L.B., Egilson, S.T., Árnadóttir, U. & Hardonk, S.C. (2019). Child and parent perspectives of life quality of children with physical impairments compared with non-disabled peers. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*. 26(7) 496-504
<https://doi.org/10.1080/11038128.2018.1509371>
- Persson, H., Åhman H., Yngling, A. A. og Gulliksen. J.(2015). Universal design, inclusive design, accessible design, design for all: Different concepts – one goal? On the concept of accessibility – historical, methodological and philosophical aspects. *Universal Access in the Information Society* 14: 505–526. DOI: <https://doi.org/10.1007/s10209-014-0358-z>
- Rannsóknasetur í fötlunarfræðum (2013). *Mannréttindi hversdagsins: Aðgengi og Algild Hönnun*. <https://www.facebook.com/events/grand-hotel-reykjavik/mannr%C3%A9ttindi-hversdagsins-a%C3%B0gengi-og-algild-h%C3%B6nnun/229538547199264/>
- Rätt från början. (2019). *Om projected - Rätt från början*. <https://rattfranborjan.nu/about/>
- Regelverk for tilskudd til kunnskapsutvikling, kompetanseheving og informasjon innen universell utforming nr. 08/2022.
- Reykjavík. (e.d.b). *Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks*.
<https://reykjavik.is/adgengis-og-samradsnefnd-i-malefnum-fatlads-folks>
- Reykjavík. (e.d.a). *Mannréttindi og algild hönnun*.
<http://82.112.94.142/frettir/mannrettindi-og-algild-honnun>
- Rice, J. G., Bjargardóttir, H. B., & Sigurjónsdóttir, H. B. (2020). Child Protection, Disability and Obstetric Violence: Three Case Studies from Iceland. *International*

journal of environmental research and public health, 18(1), 158.
<https://doi.org/10.3390/ijerph18010158>

Rumsans. (e.d.) *Rumsans*. <https://www.rumsans.dk/>

Rúv. (e.d.). *Dagur í lífi*. <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/dagur-i-lifi/30216/905648>

Römpum upp Reykjavík. (e.d.). *Römpum upp Reykjavík*. <https://rampur.super.site/>

Salmen, J. P. S. (2011). U.S Accessibility codes and standars: Challenges for universal design. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith, *Universal design handbook* (2. útgáfa) (bls. 6.1-6.7). McGraw Hill

Sigrún Harðardóttir og Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir. (2018). „Ég virðist alltaf falla á tíma“. *Reynsla nemenda sem glíma við námsvanda í Háskóla Íslands. Tímarit um uppeldi og menntun*. 27(2), 155-173

Sjá. (e.d.). *Um Sjá*. <https://sja.is/um-sja/>

Sjálfsbjörg. (e.d.). *Aðgengi*.
<https://www.sjalfsbjorg.is/%C3%BEekkingarmi%C3%B0st%C3%B6%C3%B0/a%C3%B0gengi/>

Skipulagslög nr. 123/2010

Snæfríður Þóra Egilson. (dagsetning). *Algild hönnun – Aðgengilegt samfélag fyrir alla?* [Fyrirlestur]. Nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu, Akureyri.
<https://midstod.is/2014/04/hvar-liggja-moguleikarnir-nyskopun-og-tækni-i-velferdarþjónustu/>

Snæfríður Þóra Egilson og Sigrún Kristín Jónasdóttir. (2021a). *Algild hönnun: Mýta eða möguleiki til jafnari þátttöku í samfélaginu* [Fyrirlestur]. Sjónaukinn 2021, Rafræn ráðstefna. <https://www.unak.is/static/files/pdf-skjol/2021/sjonaukinn-2021-dagskra.pdf>

Snæfríður Þóra Egilson og Sigrún Kristín Jónasdóttir. (2021b). *Algild hönnun: Mýta eða möguleiki*. Rafræn ráðstefna. <https://thjodarspegillinn.hi.is/event/frumkvaedi-tækifaeri-og-jafnretti-i-atvinnulifi-og-a-odrum-svidum/>

Snæfríður Þóra Egilson og Sigrún Kristín Jónasdóttir. (2021c). *Algild hönnun: Leiðarljós að jafnræði og tækifærum til samfélagsþátttöku*. *Tímarit um uppeldi og menntun*. 30(2), 115-133

Stefánsdóttir, S., Rice, J., Aunos, M. and McConnell, D., 2022. Appropriate Measures? Supporting Parents with ID in the Context of the CRPD. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 24(1), pp.29–41. DOI: <http://doi.org/10.16993/sjdr.820>

Steinfeld, E., og Maisel, J. (2012). *Universal design: Creating inclusive environments*. New York: Wiley.

- Stjernborg, V. (2019). Accessibility for all in public transport and the overlooked (social) dimension—A case study of Stockholm. *Sustainability*, 11, 4902. doi:10.3390/su11184902
- Stjórnarráð Íslands. (2017). *Ávarp á málþingi ÖBÍ um algilda hönnun*. <https://www.stjornarradid.is/gogn/raeda/2017/03/10/Avarp-a-malthingi-OBI-um-algilda-honnun/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Aðgengisstefna fyrir stjornarradid.is*. <https://www.stjornarradid.is/um-vefinn/adgengisstefna/>
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
- Story, M. F. (2011). The principles of universal design. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith, *Universal design handbook* (2. útgáfa) (bls. 4.1-4.12). McGraw Hill
- Strætó og Öryrkjabandalag Íslands. (2019). *Könnun á aðgengi strætisvagna og biðstöðva*. <https://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skyrslur/2019-mars-konnun-a-adgengi-strætisvagna-og-bidstodva-obi.pdf>
- The Ministry of Environment. (2009). *Universal desing as a municipal strategy*. <https://www.regjeringen.no/contentassets/76dc9f0cce8a487d8e86c0bda613545f/t-1472e.pdf>
- The Ministry of the Environment. (2007). *Universal design: Clarification of the concept*. <https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/md/vedlegg/rapporter/t-1468.pdf>
- The Norwegian Ministry of Children and Equality. (2009). *Norway universally designed by 2025*. <https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/bld/nedsatt-funksjonsevne/norway-universally-designed-by-2025-web.pdf>
- The Norwegian Ministry of Children, Equality and Social Inclusion. (2016). *The Government's Action Plan for Universal Design*. https://www.regjeringen.no/contentassets/565cb331b0ee4bb4b997157a543a51d4/the-governments-action-plan-for-universal-design-20152019_q-1233-e.epub.pdf
- Norwegian Directorate for Children, Youth and Family Affairs, The Delta Centre. (2013). *Trends in Universal Desing: An anthology with global perspectives, theoretical aspects and real world examples*. https://www.buudir.no/globalassets/global/nbbf/universell_utforming/trends_in_universal_design.pdf
- Townsend, E. A., & Polatajko, H. J. (2007). *Enabling occupation II: Advancing an occupational therapy vision for health, well-being & justice through occupation*. Ottawa: Canadian Association of Occupational Therapists.
- Travable.is. (e.d.). *Tavable.is*. <https://www.facebook.com/TravAble.is/>

- Tøssebro, J. (2004). Introduction to the special issues of SJDR: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 6(1), 3–7. <https://doi.org/10.1080/15017410409512635>
- United Nations. (2007). Convention on the rights of persons with disabilities and optional protocol. <https://www.un.org/disabilities/documents/convention/convoptprot-e.pdf>
- United Nations. (2015). Transforming our world: the 2030 Agenda for Sustainable Development https://www.un.org/ga/search/view_doc.asp?symbol=A/RES/70/1&Lang=E
- University of Edinburgh. (2022). Open space: The research centre for inclusive access to outdoor environment. <https://www.openspace.eca.ed.ac.uk/>
- University of Toronto. (2022). *Accessibility and Inclusive Design*. <https://ischool.utoronto.ca/course/accessibility-and-inclusive-design/>
- Unsworth, C., So, M. H., Chua, J., Gudimetla, P. og Naweed, A. (2019). A systematic review of public transport accessibility for people using mobility devices. *Disability and Rehabilitation*, 1-15. doi:10.1080/09638288.2019.1697382f
- Vavik, T. Og Keitsch (2010). Exploring relationships between universal design and social sustainable development: Some methodological aspects to the debate on the sciences of sustainability. *Sustainable development*, 18(5), 295-305. doi: 10.1002/sd.480
- Verkís (2019). Hönnun fyrir alla: Algild hönnun utandyra, leiðbeiningar. [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/\\$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20\(ID%20103788\).pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20(ID%20103788).pdf)
- Watchorn, V., Hitch, D., Grant, C., Tucker, R., Aedy, K., Ang, S. og Frawley, P. (2021). An integrated literature review of the current discourse around universal design in the built environment – is occupation the missing link? *Disability and Rehabilitation*, 43(1), 1-12. doi:10.1080/09638288.2019.161247
- Winance, M. (2014). Universal design and the challenge of diversity: reflections on the principles of UD, based on empirical research of people's mobility. *Disability and Rehabilitation*, 36(16), 1334-1343. doi:10.3109/09638288.2014.936564
- Wilcock, A. A., & Hocking, C. (2015). *An occupational perspective of health* (2nd ed.). City, Thorofare, NJ: Slack.
- World Health Organization. (2001). International classification of functioning, disability and health. ICF. Geneva, Switzerland: Author.
- World Health Organization. (2011). World report on disability. http://www.who.int/disabilities/world_report/2011/en/

Young, L. C. (2011). Universal housing: A critical component of a sustainable community. Í W. F. E. Preiser og K. H. Smith, *Universal design handbook* (2. útgáfa) (bls. 24.1 – 24.13). McGraw Hill

Þingsályktun nr. 16/146 um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021. <https://www.althingi.is/altext/146/s/1000.html>

Þingskjal nr. 310/2020-2021. Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030.

Þingskjal nr. 960/2020-2021. Tillaga til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Þingskjal nr. 1944/2019-2020. Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.

Öryrkjabandalag Íslands. (e.d.a). *Aðgengi að viðburðum á vegum ÖBÍ – undirbúningur og framkvæmd*. <https://www.obi.is/is/utgafa/skyrslur-og-kynningarefni/adgengi-ad-vidburdum-a-vegum-obi>

Öryrkjabandalag Íslands. (2017). *Er leiðin greið? – málþing um aðgengi og aðferðafræði algildrar hönnunar*. <https://www.obi.is/is/moya/news/er-leidin-greid-malthing-um-adgengi-og-adferdafraedi-algildrar-honnunar>

Öryrkjabandalag Íslands, (e.d.b.). *Málefnaþópur um aðgengi*. <https://www.obi.is/is/um-obi/malefnahopar/malefnahopur-um-adgengi>

Öryrkjabandalag Íslands. (2014). *Sendiherraverkefnið framlegt út árið 2014*. <https://www.obi.is/is/moya/news/sendiherraverkefnid-framlengt-ut-arid-2014>